

TÍUNÐ

FRÉTTABLAÐ RSK ÁGÚST 2008



Einföldun framtalsskila

Álagningu opinberra gjalda einstaklinga gjaldárið 2008 er nú lokið. Langflestir gjaldenda skiluðu skattframtali sínu rafrænt og nær allir gátu notið þess að á framtalsformin höfðu verið færðar inn þær upplýsingar sem skattyfirvöldum eru tiltækar. Stöðugt hefur verið unnið að því á undanförunum árum að auðvelda framtalsgerðina hjá einstaklingum, en þó má finna enn frekari sóknarfæri.

Það eru nær tveir áratugir frá því að skattyfirvöld hófu að leita leiða til að einfalda framtalsskil. Um langt árabil þokaðist málið lítið sem ekkert og það var ekki fyrr en rétt fyrir síðustu aldamót sem áritun launaupplýsinga inn á framtöl hófst og í kjölfarið fylgdu upplýsingar um fasteignir, bifreiðar, skuldir vegna íbúðarkaupa o.fl. Á sama tíma hófust rafræn framtalsskil. Ekkert hefur hins vegar þokast í þá átt að skattyfirvöld geti lokið framtalsgerðinni endanlega, þar sem bankaupplýsingar hafa ekki verið afhentar skattyfirvöldum til áritunar á framtalseyðublöð, með sama hætti og aðrar upplýsingar.

Ýmislegt annað hefur þó áunnist á síðustu misserum. Þar ber hæst að framteljendum hefur verið gert kleift að senda rafrænt upplýsingar úr heimabanka yfir á skattframtal sér til þæginda, auk þess sem meðferð slíkra upplýsinga hefur að sama skapi orðið mun öruggari. Ljóst er þó að stíga þarf mun ákveðnari skref á næstu árum í þá átt að útbúa fyrirframgert skattframtal. Þar er vissulega fleiri en ein leið fær. Nokkrir áhugaverðir möguleikar eru nú til athugunar hjá ríkisskattstjóra sem eiga það sammerkt að auðvelda framtalsgerðina og létta af hinum almenna borgara umstanginu sem fylgir því að sinna lögboðinni framtalsskyldu.

Í fyrsta lagi er verið að vinna að því að framteljendur geti á auðveldan hátt veitt skattyfirvöldum umboð til að sækja allar bankaupplýsingar til að færa inn á skattframtöl á sama hátt og aðrar upplýsingar. Í öðru lagi er unnið að því að bæta skil á launaupplýsingum til áritunar á skattframtöl. Ætíð hafa t.d. verið nokkur brögð að því að launaupplýsingar berist of seint og sú seinkun getur veikt þann grundvöll sem áritun framtalsupplýsinga byggist á og þar með fyrirframgerð skattframtöl. Í þriðja lagi er til athugunar að einfalda útfyllingu nokkurra fylgiblaða, svo sem um kostnað á móti ökutækjastyrk og dagpeningum auk þess sem tilgreining ýmissa upplýsinga sem gera þarf grein fyrir á framtali verður gerð léttari. Í fjórða lagi stendur til m.a. að vissum skilyrðum uppfylltum að velja fyrirframskilgreindan hóp framteljenda og annast fyrir hann framtalsgerð, sem kallaði einungis á staðfestingu viðkomandi á að upplýsingar á framtalinu væru tæmandi. Þetta verður reynt innan tíðar sem tilraunaverkefni í tveimur skattumdæmum, Norðurlandsumdæmi eystra og í Vestmannaeyjum.

Það hefur tekið lengri tíma fyrir Íslendinga en frændur okkar á Norðurlöndum að einfalda framtalsgerðina í sama mæli hvað þá að fella niður skyldu til að telja fram til skatts. Ástæður þessa eru m.a. að sjálfvirk afhending bankaupplýsinga hefur ekki tíðkast hérlendis. Með áformum um frekara samstarf við fjármálastofnanir eru líkur á að það takist að auðvelda almenningi að senda bankaupplýsingar beint til skattyfirvalda vegna fyrirframgerðra skattframtala. Með þeim hætti er talið að jafnvel geti þorri launamanna með þeim hætti losnað undan framtalsgerð á sams konar hátt og annars staðar á Norðurlöndum.

Ljóst er því að hlutverk skattyfirvalda mun samkvæmt framansögðu breytast mjög verulega á næstu árum ef áætlanir um einfölduð framtalsskil ganga eftir. Þannig eru einnig líkur á að áætlunum fækki og hagskýrslugerð hins opinbera verði þar með öruggari. Síðast en ekki síst myndi þetta skapa framteljendum mikil þægindi og væri án efa eitt stærsta skrefið frá upphafi sem stigið hefði verið við að veita almenningi góða þjónustu.

Skúli Eggert Þórðarson

- 2** Leiðari
- 4** Veit allt um geimréttarsamninga
Viðtalið - Kristín Völundardóttir sýslumaður
- 8** Sumarfundur skattstjóra haldinn í Stykkishólmi
- 10** Í takt við tímann
Þjónustuver ríkisskattstjóra
- 13** Áætlanir í virðisaukaskatti
Kristín Norðfjörð
- 16** Sjöþúsundníuhundruðtuttugu-ogtveir dagar hjá ríkisskattstjóra
Viðtal við Steinþór Haraldsson nýskipaðan skattstjóra Suðurlands
- 19** Auðkenning með rafrænum skilríkjum
Ævar Ísberg
- 20** Starfstengd kaup á hlutabréfum með söluréttartryggingu
Aðalsteinn Hákonarson
- 22** Stofnanir ársins 2008
- 26** „ég vil bara haf' ett' í lagi“
Elín Alma Arthúrsdóttir
- 28** Skattur eða eignarnám?
- Gudmundsson Case -
Jóhannes Hraunfjörð
- 32** Fjölmenningarsetur á Ísafirði
- 34** Af vettvangi skattaréttar
Bragi Freyr Kristbjörnsson
- 35** Fundur ríkisskattstjóra á Norðurlöndum
- 36** Fyrning skattalagabrota
Ásmunda B. Baldursdóttir
- 38** Ný útgáfa af rsk.is
- 39** Álagning 2008
Páll Kolbeins
- 44** Upplýsingatafla

RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI




Viðtalið:

Veit allt um geimréttarsamninga

Kristín Völundardóttir sýslumaður á Ísafirði hefur sinnt margvíslegum verkefnum fyrir hið opinbera frá því hún lauk námi. Síðustu ár hefur hún starfað sem sýslumaður auk þess sem hún stýrði sameiningu lögreglunnar á Vestfjörðum. Í blaðinu er viðtal við Kristínu þar sem umfjöllunarefnið er hið erilsama starf sýslumannsins. **Sjá bls. 4.**

Í takt við tímann - þjónustuver ríkisskattstjóra

Nýlega var opnað þjónustuver hjá ríkisskattstjóra en það er nýjung í þjónustu skattfirvalda hér á landi. Í blaðinu fjallar Esther Sigurðardóttir um verkefni þjónustuversins og einnig kemur hún inn á hvernig sambærileg þjónusta er innt af hendi hjá nágrannapjóðum okkar. **Sjá bls. 10.**




Skattur eða eignarnám - Gudmundsson case -

Í þessari grein lýsir Jóhannes Hraunfjörð sagnfræðingur átökunum sem áttu sér stað við upptöku stóreignaskattsins hér á landi um miðbik síðustu aldar. **Sjá bls. 28.**

Álagningin 2008

Páll Kolbeins hefur unnið hina árlegu greiningu úr tölunum. **Sjá bls. 39.**



TÍUND

Ríkisskattstjóri
Laugavegi 166 150 Reykjavík
sími 563 1100 fax 562 4440
rsk@rsk.is www.rsk.is

FRÉTTAÐ RSK · 2. TÖLUBLAÐ · 22. ÁRGANGUR · PRENTAÐ Í 2400 EINTÖKUM

ÚTGEFANDI: RÍKISSKATTSTJÓRI
ÁBYRGÐARMAÐUR: SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON
RITSTJÓRI: HREFNA EINARSDÓTTIR
PRÓFÖRK: INGIBJÖRG ERLENDSDÓTTIR
LJÓSMYNDIR: HREFNA EINARSDÓTTIR O.FL.
HÖNNUN OG UMBROT: LOGI HALLDÓRSSON
PRENTUN: PRENTSMÍÐJAN VIÐEY

FJÖLMÍÐLUM ER HEIMILT AÐ NOTA EFNI BLAÐSINS, SÉ HEIMILDAR GETIÐ

– Viðtalið –
Kristín Völundardóttir sýslumaður á Ísafirði



**Veit allt um
geimréttarsamninga**

Kristín Völundardóttir gegnir starfi sýslumanns á Ísafirði, en það embætti sinnir einnig lögreglustjóraembætti sem nær yfir allan Vestfjarðakjálkann. Kristín er lögfræðingur frá Háskóla Íslands, en að auki á hún að baki nám í flug- og geimrétti. Hér á eftir fer viðtal við Kristínu þar sem hún fjallar vítt og breitt um sýslumannsstarfið.

Áhugavert sérnám

Þú valdir þér nokkuð sérstakt framhaldsnám og svona í ljósi þess hvers vegna valdir þú sýslumannsstarfið?

Eftir að ég útskrifaðist 1992 frá lagadeildinni fór ég í framhaldsnám erlendis þar sem ég lagði stund á flug- og geimrétt. Ég lauk því námi á árinu 1994 og var þá fyrsti Íslendingurinn sem útskrifaðist með mastersgráðu á þessu sviði.

Reyndar fékk ég ekki starf þar sem ég gat nýtt menntun mína á þessu sviði eftir heimkomu, enda þurfum við ekki sérfræðinga hér í geimrétti, en það nám fylgdi flugréttinum. Ég lærði allt um loftferðasamninga og bótarétt einstaklinga í flugferðum o.þ.h. og það var í rauninni það nám sem ég sóttist eftir. Auðvitað lærði ég líka allt um geimréttarsamninga og hver réttarstaða þín er ef þú ert úti í geimnum. Ég verð þó að viðurkenna að það er farið að snjóa örlítið yfir þekkingu mína vegna notkunarleysis.

Að loknu námi fór ég að vinna hjá ríkisvaldinu og hef unnið þar sleitulaust síðan, alltaf undir dómsmálaráðuneytinu. Ég byrjaði hjá sýslumanninum í Kópavogi sem löglærður fulltrúi, var þar í fimm ár, starfaði síðan í nokkra mánuði hjá ríkislögreglustjóra þar sem ég starfaði hjá útlendingaeftirlitinu sem var þá deild innan ríkislögreglustjóra. Árið 1999 var útlendingaeftirlitið skilið frá ríkislögreglustjóra og með þeim aðskilnaði fylgdi ég. Ég starfaði í fimm ár hjá útlendingaeftirlitinu eftir það og á því tímabili skipti stofnunin um nafn og heitir nú Útlendingastofnun. Ég starfaði svo í Dómsmálaráðuneytinu í eitt ár eða þar til í ársbyrjun 2006 þegar ég var skipuð sýslumaður á Hólmavík. Ég fékk síðan það verkefni að stýra sameiningu lögreglunnar á Vestfjörðum og að því verkefni loknu var ég skipuð sýslumaður á Ísafirði. Það má því segja að strax eftir útskrift hafi

ég hafið undirbúning minn að því að verða sýslumaður, þó það hafi ekki verið meðvituð ákvörðun.

Fjölbreytt starf

Hvernig starf er að vera sýslumaður?

Sýslumannsstarfið er mjög fjölbreytt en sýslumaður er eins og flestum er kunnugt umboðsmaður ríkisvalds í héraði. Fólk á að geta komið á sýsluskrifstofuna og leyst flest, ef ekki öll sín mál, sem varða ríkið sem heild. Við erum auðvitað ekki með alla málaflokka eða öll erindi, en við erum með marga. Innheimta opinberra gjalda er stór hluti af því, en við erum með meira

ingu vegabréfaumsókna og dvalarleyfa erlendra ríkisborgara. Það eru í raun mjög margir þættir sem sýslumenn annast fyrir ríkisvaldið og það er stefna Sýslumannafélagsins og sýslumanna að auka þetta hlutverk. Framtíðarsýn okkar er að fólk geti komið til sýslumanns og leyst flest sín mál á einum stað þannig að það verði sem þægilegast, sérstaklega fyrir þá sem þurfa að koma langt að til að sinna sínum erindum.

Segja má að þetta hafi mikið breyst á síðustu 10-15 árum þar sem nú orðið er þó nokkuð af erindum leyst í gegnum síma. Gjaldendur sem eru í vanskilum með

opinber gjöld sín koma t.d. ekki oft hingað til mín. Það eru frekar stóru málin þar sem aðgerðir eru hafnar að fólk vill fá að ræða málin við sýslumann, en almennt séð þá gengur þetta ágætlega.

Innheimtan endurspeglar efnahagsástandið

Nú eru vanskilagiöldin, eins og t.d. dráttarvextir, óheyrilega há og að sama skapi er ekki mikið svigrúm til samninga, þannig að gjaldendur virðast nánast vera í vonlausri stöðu þegar svona stendur á. Vantar ekki einhver úrræði þarna fyrir þá sem virkilega vilja vinna sig út úr fjárhagserfiðleikum?

Það hefur vitanlega verið gott landslag í þjóðfélaginu hvað varðar peningamálin en það er spurning hvað gerist núna þegar miklar sviptingar eru á fjármálamörkuðum en það skilar sér til heimila á þann veg að það verða vanskil. Það veldur ekki bara tregðu í innheimtu heldur aukast innheimtuaðgerðir hjá okkur á annan hátt og þar á ég við fjárnámsbeiðnir einkaaðila og lögaðila, bæði tollstjóra, lögmansstofa og banka. Þetta vindur upp á sig þannig að tregða í innheimtu hjá ríkinu endurspeglar í því að það aukast nauðungarsölur, það aukast gjaldprotaskipti. Leikreglurnar varðandi vanskilin setja

Það eru í raun mjög margir þættir sem sýslumenn annast fyrir ríkisvaldið og það er frekar stefna hjá sýslumönnum að auka þetta hlutverk

heldur en það. Við erum umboðsmenn Tryggingastofnunar, með innheimtu einkaaðila og lögaðila á kröfum, sjáum um sífjamálefni, málefni sem snúa að börnum, til dæmis meðlag og forræðismál, og svo auðvitað skilnaði, sambúðarslit og við höldum utan um frágang dánarbúa. Við sjáum einnig um þinglýsingar sem eru mjög mikilvægar, bæði fyrir einstaklinga og lögaðila, þ.e. skráningu réttindaskjala yfir fasteignum og lausafé, en það er heildstæð skrá yfir landið allt sem heldur utan um þau réttindi. Þá erum við með ýmis konar leyfaútgáfu og er þar helst að nefna ökuskirteini, móttöku og skrán-



Kristín ásamt starfsfólki sýslumannsembættisins á Ísafirði

okkur mjög þröngan ramma og við höfum ekki stóran samningsgrundvöll. Þú greiðir allt, það er enginn afsláttur af því, og á samningstímanum koma til þessir dráttarvextir og vanskilagjöld. Við höfum ákveðnar leiðbeiningarreglur til að fara eftir og ef við ætlum að fara að breyta út frá þeim í einhverjum tilfellum þá skekkir það myndina gagnvart öðrum og auðvitað verður að gæta jafnræðis í þessu sem öðru. Svo er það eins og við þekkjum að það eru alltaf einhverjir svartir sauðir sem aldrei greiða neitt fyrir en við mætum með gula borðann til að loka. Þá fyrst er rokið til að bjarga hlutunum.

Áætlanir sameiginlegt vandamál

Nú stendur fyrir dyrum að endurskoða vinnuferli áætlana og leita úrræða til að bæta skattskil með það fyrir augum að fækka þeim. Þetta á jafnt við um beina og óbeina skatta. Ætti þetta ekki að bæta skilin hjá innheimtumönnum ef vel tekst til?

Við finnum mikið fyrir áætlunum í virðisaukaskatti og sérstaklega eru þessar áætlanir á fyrirtæki sem eru ekki í rekstri að gera

okkur erfitt fyrir. Við gerum það sem við getum til að hvetja til að þessum fyrirtækjum sé slitið. Reglurnar í kringum slit fyrirtækja eru flóknar og erfiðar. Við erum ekki í þeirri aðstöðu að við getum eða megum

Eðlilega leitar fólk eftir því að vera skattlagt á sem hagstæðastan hátt, en það áttar sig ekki á því að það felst sáralítið, ef nokkuð hagræði, í samsköttun

aðstoða fólk við það. Fólk hefur tilhneigingu til að láta þetta danka, hlutafélagið er bara látið rúlla og engu er skilað. Þessar áætlanir skapa síðan gífurlega vinnu fyrir okkur auk þess sem þetta gefur ranga mynd af innheimtuárangri embætta. Það er slæmt til þess að hugsa að þetta skuli þurfa að ganga svona, þar sem við vitum að í

flestum tilfellum er um að ræða fólk sem aldrei mun klára sín mál, hefur hvorki vilja né getu til þess.

Á svona svæði eins og hér þar sem flestir þekkja vel það umhverfi sem þeir starfa í, þ.e. bæði sýslumaðurinn og skattstjórinn, þá veistu að ef þú ert að leggja háar fjárhæðir í gjöld á fyrirtæki sem ekki er í rekstri þá veldur það ómældri fyrirhöfn og miklu ergelsi, vægast sagt. Þegar svo er komið að árangurslausri innheimtu þá hefur skattstjóri engin úrræði og sama á við um sýslumann.

Samsköttun þýðir sameiginleg ábyrgð

Nú eru sifjamál á ykkar könnu og það færast alltaf í aukana að fólk búi saman í óvígðri sambúð. Hefur þetta

fjölskylduform í för með sér einhver sérstök vandamál varðandi innheimtuna þar sem ekki gilda endilega sömu reglur hjá sambýlisfólki og hjá hjónum að því er varðar ábyrgð á skattgreiðslum?

Sambúðarfólk sem óskar eftir að vera samskattað gerir sér oft ekki grein fyrir því hvað það er að gangast undir, fyrir en of

seint. Þá eru skuldirnar kannski orðnar mjög háar, jafnvel án vitundar þess sambúðaraðila sem situr eftir í súpunni þegar upp er staðið. Oft fylgir þessum erfiðleikum skilnaður og skuldin fylgir þeim aðilnum sem er aflögufær, þó svo hann hafi ekki meðvitað stofnað til þeirra í upphafi. Þegar svona er komið þá fer fólk fyrst að afla sér upplýsinga hvað í þessu felst, það er þessari ábyrgð sem það hefur gengist undir með því að óska eftir samsköttun. Þarna finnst mér spurning hvort ekki megi uppfræða almenning betur að því er þetta varðar og í raun gildir það sama um fólk í hjúskap, samsköttun þýðir sameiginleg ábyrgð.

Ég held að tilfellið sé að fólk haldi að það fylgi því einhverjir kostir að vera samskattað, sem er í rauninni ekki nema í undantekningartilfellum. Eðlilega leitar fólk eftir því að vera skattlagt á sem hagstæðastan hátt, en það áttar sig ekki á því að það felst sáralítið, ef nokkuð hagræði í samsköttun. Hins vegar er það samábyrgðin sem er veigamesti þátturinn við samsköttunina, þ.e. þú ert að gangast undir ábyrgð á sköttum sambúðaraðilans.

Gott samfélag, fjölbreytt mannlíf

Málefni útlendinga hafa verið mikið til umræðu síðustu mánuði, kemur ekki til kasta sýslumanns ef ekki er fylgt öllum þeim reglum sem snúa að því að hafa erlenda ríkisborgara í vinnu?

Lögreglustjórar sjá um að útlendingar hafi tilskilin dvalarleyfi og að atvinnurekendur hafi tilskilin leyfi til að hafa útlendinga í vinnu, þannig að við erum eftirlitsaðilar varðandi þann þátt. Við förum reglulega í eftirlitsferðir í fyrirtæki um allan Vestfjarðakjálkann og könnum þetta. Ef í ljós kemur að það er skortur á tilskildum leyfum þá tilkynnum við Útlend-



ingastofnun það og vinnuveitandinn fær að sjálfsgöðu ábendingu. Við förum í svona átak fyrir áramót og það kom ýmislegt í ljós, svona eins og gengur, en það hefur allt verið leiðrétt. Þeir útlendingar sem eru í umdæminu eru fyrst og fremst ríkisborgarar frá EES ríkjum og því má segja að það sé lítið mál fyrir okkur að leysa úr því ef í ljós kemur að þeir hafa ekki fengið dvalarleyfi.

Við höfum lengi haft mikið af útlendingum hér í þessu umdæmi og þeir hafa flestir aðlagast vel og komið sér vel fyrir. Hér er t.d. mikið af Pólverjum sem hafa komið síðustu ár, en fyrir var nokkuð af ríkisborgurum frá ríkjum utan EES og þeir eru komnir til að vera. Þeir hafa líka reynt að fá hingað ættingja sína og það er auðvitað skiljanlegt. Þegar á allt er litið myndi ég segja að hér væri mjög gott samfélag, hér er góð samsetning af Íslendingum og útlendingum, þó samsetningin sé nokkuð svæðisbundin eins og gefur að skilja.

Stjórnsýsluhúsið sparar sporin

Hér á Ísafirði er stórt og glæsilegt stjórnsýsluhús. Það hlýtur að fela í sér mikið hagræði fyrir þá sem þurfa að leita til hins opinbera? Hér í Stjórnsýsluhúsinu eru bæjarskrifstofurnar, sem auk verkefna sem bæjarsjórn þarf að sinna, hafa á sinni könnu að þjónusta Þjóðskrá. Skattstofan er hér til húsa, einnig Siglingamálastofnun og svo er hér líka tryggingafélag. Þegar fólk þarf að sinna sínum hefðbundnu erindum þá þarf það bara að koma í þetta hús. Þetta auðveldar auðvitað öll samskipti á milli þessara stofnana en fyrst og fremst er þetta til hagræðis fyrir hinn almenna borgara, sér í lagi fyrir þá sem koma langt að.

HE



Við upphaf fundarins í Stykkishólmi.

Sumarfundur skattstjóra haldinn í Stykkishólmi

Skattstjórafundur sumarið 2008 er nýafstaðinn. Um er að ræða árlegan viðburð þar sem skattstjórar, ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og helstu samstarfsmenn þeirra koma saman til að fara yfir verkefni liðandi stundar og horfa til næstu ára. Sumarfundir skattstjóra eru eins konar uppskerulok þegar álagning opinberra gjalda einstaklinga liggur fyrir og eru þeir fundir mun fjölmennari en aðrir skattstjórafundir.

Sumarfundir skattstjóra eru haldnir til skiptis í skattumdæmunum, öðrum en Reykjavík. Að þessu sinni var fundurinn haldinn í Vesturlandsumdæmi, nánar tiltekið í Stykkishólmi dagana 2. – 4. júlí. Þar hafa skattstjórar fundað einu sinni áður fyrir röskum áratug. Umsjón og skipulagning fundarins var í höndum ríkisskattstjóra og Fjármálaráðuneytisins.

Flutt voru 14 erindi um skattaleg málafni, áherslur Fjármálaráðuneytisins, væntanlegar lagabreytingar ásamt umfjöllun um rekstrarmálafni stofnana skatt-

yfirvalda. Af hálfu ríkisskattstjóra var einkum fjallað um hinn faglega þátt skattframkvæmdarinnar, efnisreglur tekjuskattsins og virðisaukaskattsins. Stefnt er að aukinni áherslu á samræmingu skattframkvæmdarinnar. Nokkur umræða var um hvernig haga bæri einföldun á framtalsgerð en þrjú erindanna fjölluðu um það verkefni. Þá gerði skattrannsóknarstjóri grein fyrir rannsóknum skattsvika, m.a. uppruna mála. Ennfremur var farið yfir skatteftirlit og væntanlega áhersluþætti á þeim vettvangi. Af hálfu skattyfir-

valda höfðu framsögu þau Skúli Eggert Þórðarson, Ingvar J. Rögnvaldsson, Bryndís Kristjánsdóttir, Jens Þór Svansson, Aðalsteinn Hákonarson, Elín Alma Arthursdóttir, Jón Guðmundsson, Ingi Tómas Björnsson og Karl Óskar Magnússon. Fundarmenn voru 43 að tölu. Þá hélt Skattstjórafélag Íslands aðalfund sinn við sama tækifæri.

Síðari fundardaginn hafði Fjármálaráðuneytið umsjón með fundinum og höfðu framsögu þau Baldur Guðlaugsson, Marianna Jónasdóttir, Angantýr Einars-



Jóhannes Jónsson og Haraldur Hansson.



Skattstjórnir Rósa Helga Ingólfssdóttir og Hanna Björnsdóttir.

son, Þórður Reynisson og Ingvi Már Páls-son. Þar voru m.a. kynnt þau málefni sem ráðuneytið hefur haft á sinni könnu að undanförmu og hvað væri helst á döfinni.

Gestgjafi fundarins, Stefán Skjaldarson skattstjóri Vesturlandsumdæmis, bauð fundarmönnum upp á dægrastyttingu þegar hlé var gert á fundarstörfum. Farið

var í gönguferð um gamla bæinn í Stykkis- hólmi undir leiðsögn Einars Karlssonar og síðar var siglt út í Flatey þar sem Sigurmar K. Albertsson hæstaréttarlögmaður sagði fundarmönnum frá eyjunni, sögu hennar og íbúum.

Á fundinum voru þrír nýskipaðir skatt- stjórar, þau Hanna Björnsdóttir, Steinþór

Haraldsson og Rósa Helga Ingólfssdóttir. Öll voru boðin velcomin í hóp skattstjóra. Þá voru fráfarandi skattstjóra Vestfjarða- umdæmis, Guðrínu Björgu Bragadóttur þökkuð störf hennar undanfarin ár en hún hverfur nú til annarra starfa.

SEP



Síðustu misseri hefur þróun skattframkvæmdar verið meira og minna í þá átt að auka sjálfvirkni skattendurskoðunar og skatteftirlits með rafrænum skattskilum og vélrænum regluþrófunum framtala. Þessi þróun ásamt öflugum upplýsingakerfi og aukinni sjálfsafgreiðslu framtjeljenda gerir það að verkum að hægt er að beina starfskröftum í meira mæli að bættri þjónustu, enda aukast kröfur í þá veru ár frá ári.

Á árinu 2007 var hafinn undirbúningur að stofnun þjónustuvers ríkisskattstjóra sem var svo formlega opnað þann 17. apríl 2008. Þar vinna nú fimm starfsmenn auk deildarstjóra. Aðstaðan er björt og falleg og rýmið gott. Þjónustuverið sér um alla móttöku viðskiptavina embættisins og leitast við að leysa sem flest erindi, bæði þeirra sem koma á staðinn og þeirra sem hafa samband gegnum síma eða net.

Nokkrar breytingar voru gerðar á símkerfi embættisins til að laga það að starfsemi þjónustuversins. Skiptiborð var aflagt og eru öll símtöl og almennur tölvupóstur nú afgreidd í þjónustuveri.

Þjálfun þjónustufulltrúa fólst bæði í starfsþjálfun á hinum ýmsu sviðum embættisins og fjölda námskeiða, bæði

Noregur

Mikil uppstokkun átti sér stað innan skattkerfisins í Noregi um síðustu áramót með það að markmiði að einfalda skattkerfið og gera það markvissara. Einingum var fækkað úr 40 í 10, t.d. með því að sameina Likningskontor, skattefogdkontor og fylkesskattkontor í eina skattstofu. Öll þessi mismunandi heiti hurfu samhliða sameiningunni, þannig að nú heita þessar einingar einfaldlega Skattstofan eða Skattekontoret.

Það er athyglisvert að sameina þarna innheimtuna og skattstofuna en markmiðið er að hinn almenni skattþegn þurfi aðeins að fara á einn stað til að sinna öllum erindum sem tengjast álagningu og innheimtu skatta. Skattstofurnar eru

Í takt við tímann

Þjónustuver þar sem afgangið má sem flest á einum stað

Eins og nágrannaþjóðir okkar leitum við allra leiða til að auka þjónustu og setjum stefnuna á að vera í takt við það besta sem gerist á þessu sviði.

Esther Sigurðardóttir hefur stýrt því verkefni hjá ríkisskattstjóra að setja á fót þjónustuver sem geti svarað fyrir sem flesta þætti skattframkvæmdar. Hér á eftir fjallar hún um þessa nýjungu auk þess sem komið er inn á hvernig þessu er háttað í dag á öðrum Norðurlöndum.

innan húss sem utan. Segja má að rekstur þjónustuversins hafi tekist vonum framfar og er almenn ánægja með þá reynslu sem komin er. Tilkoma þjónustuversins hefur haft í för með sér að mun meiri vinnufriður hefur skapast fyrir úrvinnslu mála og í sumum deildum hefur símtölum fækkað um allt að 70%. Síðast en ekki síst fær viðskiptavinurinn nú mun betri og skjótari þjónustu en áður var hægt að veita og ber því sannarlega að fagna.

Miklar breytingar hafa orðið í allri upplýsingatækni og þjónustu í nágrannaríkjum okkar og var að nokkru leyti horft til þeirra við undirbúning þjónustuvers. Hér á eftir verður fjallað um hvernig skattyfirvöld á Norðurlöndum hafa verið að bæta þennan þátt í starfsemi.

nú aðeins fimm, hver í sínum landshluta, auk olíuskattstofunnar, skattstofu fyrir stórfyrirtæki, skattstofu fyrir erlend samskipti, þjónustuvera Skattsins og ríkisskattstjóra (Skattedirektoratet). Ekki skiptir

máli til hvaða skattstofu skattþegninn leitar, hann fær alls staðar sömu þjónustu.

Þjónustuverin eða „Skatteopplýsningin“ voru sett á stofn samhliða þessari uppstokkun skattkerfisins og voru komin í fullan gang 1. apríl s.l.

Þjónustuverin eru fimm og er að finna í sömu lands-

hlutum og skattstofurnar en þjónustan er samt sem áður á landsvísu. Hjá þjónustuverunum starfa 330 fulltrúar. Eitt símanúmer er fyrir allt skattkerfið og er það gjaldfrjálst fyrir fastlínusíma. Þar er hægt að velja um þjónustuver eða skiptiborð.





Svíþjóð

Í Svíþjóð var fyrir nokkru farið af stað með viðamiklar breytingar á skattkerfinu. Áætlað er að þeim breytingum verði lokið árið 2012. Við framkvæmd breytinganna er m.a. litið til útkomu úr stórrí könnun sem gerð var meðal almennings um hvaða þjónustu óskað var eftir að stofnanir, m.a. stofnanir skattfyrvalda, byðu upp á.

Breytingarnar ganga m.a. út á það að loka aðgengi að skattstofunum fyrir almennungi. Í staðinn hafa verið opnaðar svokallaðar þjónustuskrifstofur (Servicekontor) í samvinnu við fleiri stofnanir, m.a. Vinnuálastofnun og Tryggingastofnun.

Áætlað er að þjónustuskrifstofurnar verði alls 82 og dreifðar um alla Svíþjóð. Þetta er árangur af margra ára samstarfi þessara stofnana. Með opnun þjónustuskrifstofanna er þjónusta eflað til muna auk þess sem slík samnýting og samvinna leiðir til sparnaðar. Ekki má heldur gleyma þeim vinnufriði sem skapast á skattstofunum við þessar breytingar.

Ætlunin er að hver starfsmaður á þjónustuskrifstofunum sé fulltrúi fyrir allar stofnanirnar. Einstaklingur sem þangað leitar getur fengið öll svör hjá sama aðila, hvort sem spurningar varða sjúkrahætur eða skatta.

Auk þessa er verið að setja upp þjónustuveitur (servicestand) sem kallast VISAM (vi samarbetar), en þar geta borgararnir náð mynd- og talsambandi í gegnum tölvu við ráðgjafa í þjónustuverum og afgreitt sig sjálfir yfir netið. Nú þegar eru 15 slíkar veitur komnar í umferð en reiknað er með því að þær verði orðnar 20 talsins um næstu áramót. Þessar þjónustuveitur hafa orðið geysivinsælar en að þeim standa sex stofnanir þó í raun séu

aðeins fjórar af þeim með virka þjónustu í dag. Flestar veiturnar eru staðsettar í þjónustuskrifstofunum en nokkrar í afgreiðslum Tryggingastofnunarinnar. Markmiðið er að í framtíðinni geti sem flestir tengst veitunum í heimatölvunni sinni.

Auk þessa er í bígerð að byrja með svokallaða fyrirtækjaráðgjafa sem eiga að upplýsa þá sem eru að hefja rekstur þannig að allt sé rétt gert frá byrjun. Hugmyndin er að þjónustan verði fyrst og fremst í formi heimsóknna til fyrirtækjanna.

Danmörk

Vorið 2007 gerðu dönsk skattfyrvöld þjónustukönnun meðal almennings. Könnunin var framkvæmd þannig að allir sem höfðu samband við skattinn, hvort sem var gegnum síma, tölvupóst eða heimsóknir, voru beðnir um að svara nokkrum spurningum varðandi þjónustuna. Í heildina kom könnunin vel út og fengu skattfyrvöld einkunnina 4,3 á mælistikunni 1-5. Ákveðið hefur verið að halda þessum könnunum áfram með reglubundnum hætti árið um kring.

Þjónustuver danska skattsins er á fjórum stöðum á landinu en er með eitt símanúmer. Samtals starfa þar 400 þjónustufulltrúar eða 100 á hverjum stað. Þjónustuverið annast símsvörun og svarar tölvupósti en tekur ekki á móti viðskiptavinum. Það gera aftur á móti 30 skattstofur sem dreifðar eru um allt landið.

Unnið er markvisst að því með stuðningi þjónustukannana að viðskiptavinurinn geti afgreitt sig sem allra mest sjálfur gegnum netið og fundið þar upplýsingar sem hann vanhagar um. Markmiðið er að árið 2010 hafi heimsóknnum viðskiptavina fækkað stórlega og þá sé eingöngu

tekið á móti þeim í þjónustuverunum á fyrirfram pöntuðum tíma.

Á fyrri hluta ársins 2008 var sett í gang tilraunaverkefni sem snýst um að hafa svokallaða „floorwalkers“ eða leiðbeinendur sem blanda sér meðal viðskiptavina skattstofanna. Leiðbeinendurnir munu fyrst og fremst beina viðskiptavinum í þann farveg að afgreiða sig sjálfir gegnum netið eða með því að hringja í þjónustuverin.

Finnland

Í Finnlandi hafa einnig verið gerðar þjónustukannanir. Svipaðar kannanir hafa verið framkvæmdar á þriggja ára fresti frá árinu 1995. Könnunin árið 2007 var í formi bréfs sem sent var til einstaklinga og smáfyrirtækja. Hún sýnir vaxandi ánægju með þjónustuna gegnum árin. Með niðurstöður könnunarinnar til hliðsjónar er verið að byggja upp betri og skilvirkari rafræna þjónustu.

Stokka á upp í finnska skattkerfinu þannig að frá og með maímánuði 2008 verði það „flatt“ kerfi svipað og í Svíþjóð. Það hefur í för með sér að skattstofurnar víðs vegar um landið verða ekki lengur sjálfstæðar einingar, heldur heyrir öll stjórnun undir framkvæmdastjóra skattsins. Starfsfólk þeirra mun þó áfram sinna sömu eða svipuðum störfum og áður.

Frá og með ársbyrjun 2009 mun þó álagning félagasamtaka og ýmissa stofnana svo sem líknar- og menningarstofnana verða framkvæmd af tveimur skattstofum, þar sem önnur þjónar finnskumælandi viðskiptavinum og hin sænskumælandi.

ES

Þarftu að fá nýtt skattkort eða fá gamla kortinu skipt?

Nú getur þú sótt um


skattkort á skattur.is



RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

Áætlanir í virðisaukaskatti

Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, komu til framkvæmda 1. janúar 1990 og hafa því verið í gildi í rúm 18 ár. Á virðisaukaskattsskrá eru u.þ.b. 33 þúsund aðilar. Innheimtur virðisaukaskattur skilaði á síðastliðnu ári 140 milljörðum króna í ríkissjóð en það er u.þ.b. 35% af heildarskatttekjum ríkisins.



**Kristín
Norðfjörð**

Áætlanir í virðisaukaskatti hafa lengi verið til umræðu í skattkerfinu af ýmsum ástæðum, ekki síst vegna fjölda þeirra aðila sem eru áætlaðir.

Í nefndarálitum um framkvæmd virðisaukaskatts sem Fjármálaráðuneytið gaf út í mars 2000 segir m.a. „...Of mikið er um áætlanir í virðisaukaskatti og þær oft og tíðum ekki raunhæfar. Dregur það úr trúverðugleika skattkerfisins þegar aðilar komast upp með að skila ekki skýrslum. Er brýnt að lausna verði leitað til að vinna bug á þessu ástandi ...“ (bls. 13).

Núverandi ríkisskattstjóri lét í ljós þá skoðun sína við embættistöku í fyrra vetur að allt of margir aðilar sættu áætlun bæði í

tekjuskatti og virðisaukaskatti og taldi hann að skattyfirvöld yrðu að beina sjónum sínum að þessu vandamáli. Í því skyni skipaði ríkisskattstjóri starfshóp sem var meðal annars ætlað að:

- yfirfara nógildandi lagaákvæði með tilliti til þeirrar framkvæmdar sem er viðhöfð og
- koma fram með tillögum um breytingar á skattfrankvæmd.

Starfshópurinn skilaði skýrslu í ársbyrjun 2008 þar sem fram komu ýmsar tillögur sem leitt gætu til úrbóta. Í þeim fólst meðal annars skipulögð hreinsun grunnskrár virðisaukaskatts, þjónustugjald vegna áætlana, afturköllun skráningar eftir sex samfelldar áætlanir, sérstök úrræði fyrir aðila sem hafa forsögu í skattkerfinu og auknar formkröfur reikninga sem lagðir eru fram til innskatts.

Fyrirkomulag áætlana í virðisaukaskatti vegna þeirra sem ekki senda inn fullnægjandi skýrslu innan 30 daga frá gjalddaga er með þeim hætti að aðili sætir áætlun og

jafnframt álagi. Það er í samræmi við 2. mgr. 25. gr. og 27. gr. laga um virðisaukaskatt með síðari breytingum.

Greining verkefnisins

Fyrsta verkefni starfshópsins var að greina umfang þess, meta hversu margir aðilar sæta frumáætlun á hverju tveggja mánaða uppgjörstímabili og sjá hversu stór umræddur hópur er orðinn tveimur árum síðar. Í ljós kom að um það bil 20% þeirra sem eru á grunnskrá virðisaukaskatts sæta áætlun á áætlunardegi (frumáætlun). Nokkuð stór hópur frumáætlaðra skilar virðisaukaskattsskýrslu innan kærufrests sem er einn mánuður frá áætlunardegi. Eftir tvö ár standa eftir 5-6% þeirra sem fengu frumáætlun en sá hópur skilar alls ekki skýrslu. Þessi hópur er hið raunverulega vandamál skatt- og tollyfirvalda. Þegar búið var að afmarka hóp síáætlaðra ákvað starfshópurinn að kanna í hvaða starfsgreinum þessir aðilar væru. Í ljós kom að þessir aðilar voru að stórum hluta tengdir byggingarstarfsemi. (Sjá töflu á næstu síðu).

Þjónustugjald

Við greiningu á hópi áætlaðra aðila kom í ljós að í honum voru 33% aðila sem síðar skiluðu núllskýrslu, 8% skiluðu inn-eignarskýrslu, 32% skiluðu greiðsluskýrslu en 27% áætlana sátu eftir. (Sjá kökurit neðar á síðunni).

Samkvæmt ofangreindu er of stór hópur sem virðir ekki lögboðna skiladaga og sætir frumáætlun þótt skýrslu sé skilað síðar. Sú hugmynd var sett fram í skýrslu starfshópsins hvort ekki mætti fækka áætlunum til muna með því að leggja þjónustugjald á þá sem sæta áætlun eins og tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Það fellur vel að þeim hugmyndum að þeir sem valda ónæði verði að greiða fyrir það. Slíkt þjónustugjald þyrfti ekki að vera há fjárhæð en þó þannig að aðilar myndu hugsa sig tvisvar um áður en þeir létu áætla á sig aftur. Líklegt má telja að þeim aðilum sem sæta frumáætlun myndi fækka í kjölfarið. Töluverður tími skatt- og tollyfirvalda fer í að þjónusta aðila sem hafa sætt áætlun og skila gögnum of seint eða aldrei. Þeim tíma væri betur varið í verðugri verkefni.

Síáætlaðir aðilar

Við nánari skoðun kom í ljós að margir í hópi síáætlaðra aðila höfðu sætt áætlun árum saman þrátt fyrir að þeir stunduðu virðisaukaskattsskylda starfsemi. Góð skil á launa- og verktakamiðum gera það að verkum að auðvelt er að staðreyna hvort aðili stundar virðisaukaskattsskylda starfsemi eða ekki, enda kemur fram í 2. mgr. 1. tl. 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, að ef ekki hefur verið fullnægt skyldu til að afhenda skattstjóra upplýsingar um launagreiðslur og/eða verktakasamninga vegna vinnu, sbr. 92. gr., að aðgættum ákvæðum 96. gr., sé skattstjóra heimilt að synja um frádrátt vegna þeirra greiðslna eða hlunninda.

Fjallað er um afskráningu af grunnskrá virðisaukaskatts í III. kafla reglugerðar nr. 515/1996, um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila. Í 3. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar segir að það sé hlutverk skattstjóra að hafa eftirlit með því að aðeins skráningarskyldir aðilar séu á virðisaukaskattsskrá. Skattstjóri hefur því einungis heimildir til að úrskurða aðila af skrá ef hann merkir að aðili stundi ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi.

Hlutfall frum-áætlana 2004 %	Hlutfall áætlana í maí 2007 %	Hlutfall skráðra aðila %	Ísat númer	
10,5	14,4	7,0	45.20.0	Húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð
3,8	6,1	2,4	45.42.0	Húsasmíði og uppsetning innréttinga
3,7	4,4	2,8	74.84.0	Önnur ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta
2,8	1,6	3,7	05.14.0	Smábátaútgærd
2,8	2,9	2,0	50.20.0	Bílaviðgerðir og viðhald, hjólbarðaviðgerðir
2,7	1,3	2,3	72.20.0	Hugbúnaðargerð, ráðgjöf varðandi hugbúnað
2,6	2,5	1,6	55.30.1	Matsölustaðir
2,2	3,1	1,3	45.44.1	Málningarvinna
2,1	3,3	1,5	60.24.1	Akstur sendibíla
2,1	0,6	3,2	70.20.2	Leiga atvinnuhúsnæðis
1,9	1,9	0,9	92.11.0	Framleiðsla kvikmynda og myndbanda
1,8	1,4	1,5	74.11.0	Lögfræðiþjónusta
1,8	2,6	1,1	74.70.0	Ræstingar, sóttthreinsun og meindýraeyðing
1,7	1,5	1,8	45.31.0	Raf- og boðlaggnir, starfsemi rafverktaka
1,7	1,6	1,5	51.70.0	Önnur heildverslun
1,6	2	1,2	28.52.0	Almenn málmismiðjuþjónusta og blikksmíði
1,6	1,2	1,6	74.14.9	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði
1,6	1,2	0,9	74.40.9	Önnur auglýsingastarfsemi
1,5	0,8	1,9	74.12.0	Bókhaldsþjónusta, endurskoðun og skattaráðgjöf


Skattstjórar gera ýmislegt til að takmarka þann hóp sem sætir áætlun. Þeir yfirfara meðal annars grunnskrána með reglubundnum hætti og úrskurða aðila af skrá ef engin ummerki eru um að aðili stundi virðisaukaskattsskylda starfsemi. Þetta getur til dæmis átt við ef aðili er látinn, gjaldþrota, fluttur af landi brott eða skattstjóri telur að um gerviverktöku sé að ræða. Ríkisskattstjóri tók upp það verklag að senda áskorunarbréf á uppgjörstímabili virðisaukaskatts (jan-feb 2008) til allra þeirra sem voru áætlaðir. Í bréfinu er aðili áminntur um að virðisaukaskattur hans hafi verið áætlaður og honum bent á að senda virðisaukaskattsskýrslu til skattstjóra. Allar aðgerðir skattstjóra og ríkisskattstjóra

eru til bóta og hafa vafalaust áhrif á fjölda þeirra sem sæta frumáætlun. Reynslan sýnir að aðili sem hefur verið áætlaður lengur en í tvö ár er ekki líklegur til að láta segjast, þannig að annað og meira þarf að koma til ef ætlunin er að stöðva feril síáætlaðra aðila eins og síðar verður vikið að.

Eins og áður hefur komið fram eru engar heimildir í lögum um virðisaukaskatt til að úrskurða aðila af skrá þegar ljóst er að hann stundar virðisaukaskattsskylda starfsemi. Þannig má segja að aðili geti verið á skrá svo lengi sem hann óskar þess. Í lögnum eru heldur ekki ákvæði sem takmarka fjölda áætlana sem leggja má á skattaðila og til eru dæmi um aðila sem hafa sætt áætlun meira eða minna frá upptöku virðisaukaskatts.

Skattfrankvæmd í Danmörku og Svíþjóð

Danir hafa vafalaust staðið frammi fyrir svipuðum vandamálum og ákváðu þeir fyrir nokkrum árum að lögfasta reglu sem heimilar skattyfirvöldum að afturkalla virðisaukaskattsnúmer aðila sem höfðu verið áætlaðir samfelt í tvö ár. Aðilum er leiðbeint hvaða afleiðingar það hafi að stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi þegar virðisaukaskattsnúmer þeirra hefur verið afturkallað. Þegar aðili snýr aftur til



starfa og hefur forsögu í skattkerfinu er hann settur í gjörgæslu (d. kreditbegrænsning) sem hefur þær afleiðingar að gjald-dagi virðisaukaskatts verður einu sinni í mánuði og strangar kröfur gerðar um skil.

Svíar ganga enn lengra og leggja ábyrgð í ríkara mæli á kaupanda þjónustunnar. Aðilar sem stunda sjálfstæða starfsemi þar falla undir F-skattlagningu (F stendur fyrir fyrirtæki). Skattaðila ber að sækja um F-skattlagningu á sérstöku eyðublaði (SKV 4620). Til þess að fá F-skattkort þarf aðili að starfrækja tiltekna atvinnustarfsemi auk þess að hafa skilað skattframtali og greitt skatta og gjöld. Til þess að komast hjá því að greiðandi þjónustunnar taki staðgreiðsluskatt af verktakanum ber honum að taka fram á útgefnum reikningi að hann sé með F-skattkort. Greiðandi getur einnig fullvissaði sig um slíkt með því að hafa samband við skattyfirvöld. Miðað er við að F-skattkort sé opið við útgáfu reiknings eða þegar greiðsla á sér stað. Hægt er að afturkalla F-skattkort ef aðili skilar ekki skattframtali, ekki árs-reikningi, lætur undir höfuð leggjast að greiða skatta og gjöld eða er í gjaldþrota-meðferð. Frá 1. júlí 2007 ber kaupandi samkvæmt sænskum lögum ábyrgð á skilum virðisaukaskatts vegna seljanda í flestum greinum í byggingariðnaði.

Einstaklingar sem eiga íbúðarhúsnæði í Svíþjóð fá endurgreiddan virðisaukaskatt af vinnu manna á byggingarstað eins og á Íslandi. Sá er þó munur á að kaupanda þjónustunnar ber að fá uppgefið hvort verktakinn sé með F-skattkort. Ef ekki þá greiðir kaupandi þjónustunnar ekki virðisaukaskattinn og fær að sjálfsögðu ekki endurgreitt.

Skattframkvæmd áætlaðra aðila á Íslandi

Vegna framangreindrar umfjöllunar vakna ýmsar spurningar um skattframkvæmd áætlaðra aðila hér á landi:

- er ásættanlegt að búa við virðisaukaskattskerfi sem gerir aðilum kleift að komast upp með að skila ekki lögboðnum gjöldum í ríkissjóð?
- er ásættanlegt að aðilum sé gert auðvelt að stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi án þess að skila lögboðnum gjöldum við hlið skilvísra greiðenda og raska þannig samkeppnisstöðu aðila í samskonar rekstri?

Innheimtumenn ríkissjóðs gera fjármám hjá áætluðum aðilum með mismunandi árangri eftir atvikum. Kröfu innheimtumanns um ógreiddan virðisaukaskatt er haldið við með reglubundnum hætti þannig að aðili getur aldrei losnað undan því fargi sem vanskilin leiða af sér. Með því að hafa virðisaukaskattskerfið svo opið sem raun ber vitni erum við meðal annars að búa til hóp sem lendir utangarðs vegna skorts á skýrum lagaúrræðum.

Í 40. gr. virðisaukaskattslaga eru skýrar heimildir til að beita sektum ef aðili afhendir eigi á lögmæltum tíma virðisaukaskattsskýrslu eða virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt. Þetta úrræði hefur ekki verið nýtt sem skyldi, ef til vill vegna þess að ekki er líklegt að aðili sem fær slíka sekt greiði hana fremur en vangreiddan virðisaukaskatt. Sektargerð af þessu tagi fylgir ekki vararefning. Aðili getur óáreittur haldið áfram virðisaukaskattsskyldri starfsemi við þessar aðstæður nema hann sé úrskurðaður gjaldþrota.

Tillögur til úrbóta

A. Afturköllun skráningar

Skattstjóri hefur að óbreyttum lögum engin úrræði til að afturkalla virðisaukaskattsnúmer aðila eins og gert er í Danmörku. Í skýrslu starfshópsins er lagt til að eðlilegt sé að í lögum um virðisaukaskatt sé ákvæði sem heimilar skattstjóra að afturkalla skráningu þegar aðili hefur verið áætlaður samfelt sex til átta sinnum. Áður en gripið væri til slíks úrræðis fengi aðili tilkynningu að minnsta kosti tvisvar þar sem honum væri gerð grein fyrir því hvað skattstjóri hygðist gera ef ekki yrði brugðist við áskorun hans.

B. Gjörgæsluúrræði

Ef aðili með forsögu hefur til dæmis verið úrskurðaður gjaldþrota, skilar ekki árs-reikningi, hefur verið sviptur starfsréttindum, skuldar skatta og gjöld en óskar eftir skráningu, þá telur hópurinn brýnt að halda slíkum hópi í gjörgæslu líkt og Danir gera (d. kreditbegrænsning). Danir hafa þann háttinn á að aðili sem er settur í slíkan skilamáta verður að skila virðisaukaskatti á mánaðar fresti eða leggja fram tryggingu. Gjörgæslu lýkur þegar aðili hefur stundað virðisaukaskattsskylda starfsemi í tvö ár, skilað öllum skýrslum og greitt skuld sína tímanlega. Svíar afturkalla F-kortið við svipaðar aðstæður og

aðili fær ekki F-skattkort á nýjan leik fyrir en hann hefur komið sínum málum í lag.

C. Formkröfur reikninga auknar

Samkvæmt núgildandi lögum má skattstjóri ekki neita rekstraraðila um færslu innskatts á grundvelli reikninga sem gefnir eru út af aðilum sem hafa verið felldir út af grunnskrá ef reikningarnir uppfylla að öðru leyti formkröfur reikninga, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga um virðisaukaskatt og II. kafla reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila. Sama gildir um reikninga sem framvísað er af áætluðum aðilum.

Lagt er til að formkröfur reikninga verði auknar þannig að færsla innskatts á grundvelli reikninga frá skattaðila með lokað númer yrði óheimil. Sú regla myndi vera í eðlilegu framhaldi af því að skattstjóri gæti úrskurðað aðila af skrá eftir langvarandi áætlanir. Það hefði í för með sér að aukin ábyrgð er lögð á rekstraraðila að kanna virðisaukaskattstöðu þeirra sem þeir eiga viðskipti við líkt og Svíar gera.

Það eru ýmsar leiðir til að koma til móts við þessar kröfur. Hægt er að líta til Svía sem eru með F-skattkort sem þeir senda aðilum sem hafa leyfi til að vera í starfsemi. Í rafrænu þjóðfélagi eins og á Íslandi er nærtækast að framkvæmd aukinna formkrafa reikninga verði rafræn. Ríkiskattstjóri hefur á vef sínum **rsk.is** opna skrá þar sem auðvelt er að sjá hvort aðili er í virðisaukaskattsskyldri starfsemi. Smávægilegar breytingar þyrfti að gera til þess að skráin geti gefið fullnægjandi upplýsingar þ.e. um upphaf og lok starfsemi.


Lokaorð

Á Íslandi hefur of lengi þrífist ákveðið umburðarlyndi gagnvart skattsvikum. Í siðmenntuðu þjóðfélagi verður ekki við það unað að yfirvöld séu úrræðalaus gagnvart áætluðum aðilum. Með fáum og einföldum breytingum á lögum um virðisaukaskatt getur mikið áunnist. Mikilvægt er að sátt náist á milli skattkerfisins, innheimtumanna, stjórnmálamanna og atvinnulífsins um þær tillögur sem hér koma fram. Slíkar breytingar munu tvímælalaust verða til þess fallnar að auka reglufestu og skil aðila á virðisaukaskatti á komandi árum.

Höfundur er skrifstofustjóri virðisaukaskattsskrifstofu skattstjórans í Reykjavík.

Steinþór Haraldsson

nýskipaður skattstjóri Suðurlandsumdæmis



Sjöþúsundníuhundruðtuttuguogtveir dagar hjá ríkisskattstjóra



Starfsfólk RSK kvaddi Steinþór í kveðjuhöfi þar sem honum voru þökkuð áratuga störf í þágu embættisins. Sem kveðjugjöf var honum m.a. fært veglegt reiðhjól.

Skattstofa Suðurlandsumdæmis hefur verið á Helli frá árinu 1962. Skattstjórar hafa verið fjórir á þessum fjörutíu og sex árum. Fyrsti skattstjórinn var Filippus Björgvinsson og var skattstofan í upphafi til húsa í gamla hótelinu. Hálf dán Guðmundsson tók við af Filippusi og Hreinn Sveinsson tók síðan við af Hálf dani á árinu 1984. Hreinn er sá skattstjóri sem lengst starfaði í umdæminu. Hann lét nýverið af störfum sökum aldurs og Steinþór Haraldsson tók þá við skattstjóraembættinu en hann gegndi áður starfi yfirlögfræðings hjá ríkisskattstjóra. Hér fer á eftir viðtal við Steinþór þar sem hann rifjar upp áratuga starf hjá ríkisskattstjóra, en þar hóf hann störf að loknu prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands á árinu 1975.

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að skipta um starf eftir öll þessi ár hjá ríkisskatt- stjóra?

Það gerðist bara þannig að Hreinn skattstjóri Suðurlandsumdæmis forfallaðist vegna veikinda og það þurfti að leysa hann af. Þetta kom upp á miklum annatíma, þ.e. rétt fyrir álagningu sumarið 2007. Ég var beðinn um að hlaupa í skarðið. Reyndar fékk ég ekki langan umhugsunarfræst og sló bara til enda var í fyrstu einungis um tímabundna ráðstöfun að ræða. Það fór þó svo að teygðist úr þessu og endaði með því að ég var settur skattstjóri í tæpt eitt ár, frá 3. júní 2007 til loka apríl 2008. Ef þessi afleysing hefði ekki komið til þá hefði ég sennilega aldrei leitt hugann að því að taka þetta starf að mér. Það eru næg verkefni hjá ríkisskattstjóra og spennandi tímar framundan þar.

Þegar starfið var auglýst laust til umsóknar þá hugsaði ég mig um og tók þessa ákvörðun í samráði við fjölskylduna. Reyndar á konan mín Guðríður Hulda Haraldsdóttir ættir að rekja á Suðurlandið. Hún hafði auðvitað sitt að segja um ákvörðunina og leist alls ekki illa á þetta. Þar með var þetta ákveðið, en vissulega var erfitt að fara frá RSK eftir 33 ára starf.

Var þetta erfið ákvörðun?

Já, óhjákvæmilega var hún það, ekki get ég neitað því. Ég kom til ríkisskattstjóra strax að loknu námi og stofnunin er alveg frábær vinnustaður. Kannski áttaði maður sig ekki nógu vel á því á sínum tíma og tók það of mikið sem sjálfsögðum hlut. Ég hafði áður verið hjá opinberri stofnun í tíu ár með námi og kynnst ýmsum hliðum af opinberum störfum. Þar tíðkuðust allt aðrir stjórnarhættir. Í rauninni var mikil framúr stefna ríkjandi varðandi starfsmannamál hjá ríkisskattstjóra. Til dæmis var það fyrsta sem maður rak sig á að það var auðvitað stimpilkukka á staðnum en mæting var frjál, semsgat sveigjanlegur



vinnutími. Þetta tíðkaðist almennt hjá RSK á árinu 1975 en í dag er þetta fyrirkomulag talið fjölskylduvænt og margir vinnustaðir hafa tekið þetta upp. Sama var með íþróttaiðkun starfsmanna og tengingu hennar við vinnustað og vinnutíma. Það var til dæmis gert ráð fyrir sturtuklefa með búningsaðstöðu á efstu hæðinni á Skúlagötu 57 strax við hönnun hússins um 1970. Starfsmenn stunduðu saman margar íþróttagreinar, t.d. borðtennis, körfubolta, fótbolta, sund, hlaup og hopp, skák og bridge að ógleymdu ómissandi háspennuspilinu Olsen Olsen í seinna kaffinu.

Hjá ríkisskattstjóra hefur verið samansafn af góðu og skemmtilegu starfsfólki sem hefur skoðanir á hlutunum. Umræðan er oft líflæg svo ekki sé meira sagt. Verkefni hafa verið unnin í samvinnu, t.d. í starfshópum og það hefur verið ríkjandi góður starfsandi þar sem samheldni og samstarf hafa alla tíð verið til fyrirmyndar. Náin vináttubönd myndast að sjálf-sögðu þegar fólk hefur starfað saman svo áratugum skiptir. Við hjá ríkisskattstjóra höfum ekki þurft að fara á námskeið til að koma okkur upp tengslanetum. Það hefur einnig verið áberandi hversu góð tengsl stofnunin hefur átt við fyrirverandi starfsmenn í gegnum árin.

Þegar maður kom þarna inn sem lögfræðingur gat maður í rauninni brotið nýtt land í sínu fagi. Skattaréttur var lengi

vel ekki hátt skrifaður í lagakennslunni en þarna kynntist maður faginu frá fyrstu hendi, allt frá frumvarpsgerð og yfirlestri alþjóðasamninga til þess að úrskurða eftir lögum sem sett höfðu verið og fylgja þeim jafnvel eftir upp í dómstóla. Segja má að vinnustaðurinn hafi verið mjög spennandi, bæði starfsumhverfið, fólkíð og verkefni. Í mínum huga voru allir þessir sjöþúsundníuhundruðtuttuguogveir vinnudagar hver öðrum skemmtilegri. Alltaf var eitthvað nýtt og spennandi að fást við og maður hélt alltaf neistanum.

Ég minnst þess að starfsfélagi minn með 10 ára starfsreynslu sagði einu sinni að það kæmi ekki sá dagur í vinnunni að hann fengi ekki eitthvað vandamál að fást við sem hann réði ekki við. Það gerði starfið svo ögrandi. Ég get alveg tekið undir þetta. Í þessu fagi vakna stöðugt spurningar sem maður þarf að leita svara við, annaðhvort að fletta upp eða leita aðstoðar við að leysa. Það er einmitt það sem gerir þetta svo skemmtilegt og heldur manni lifandi í starfinu. Að ógleymdum öllum þeim stóru breytingum og í raun byltingum sem orðið hafa á skattumhverfinu á þessum tíma. Þegar ég hóf störf þá voru ekki til stjórnsýslulög, það var enginn umboðsmaður Alþingis og það voru hvorki upplýsingalög né lög um persónuvernd. Allt eru þetta lagabálkar sem seinna hafa komið til. En í starfinu hjá ríkisskattstjóra voru öll „prinsíp“ þessara

Steinþór ásamt Hreini Sveinssyni fyrrverandi skattstjóra á Hellu. Myndin er tekin í kveðjuhöfi sem haldið var þann 16. maí sl. í tilefni af starfslokum Hreins.

grundvallarreglna stjórnsýslunnar varðandi rétt þegna og nálgun á ákvörðunum í heiðri höfð og alveg í takt við stjórnsýslulögin og góða stjórnarhætti eins og við þekkjum í dag. Gengið var mjög stíft eftir öllum formreglum. Vanhæfisreglur og reglur um valdsvið og verkefni voru virtar án þess að til þyrfti sérstaka lagasetningu og að því leyti var stofnunin til mikillar fyrirmyndar.

Hvað finnst þér helst standa uppúr þegar þú horfir til baka?

Ég sé þessi ár í einhvers konar ljóma þegar ég hugsa til baka og í rauninni voru þetta ljómandi ár, öll þrjátíu og þrjú. Það voru miklar kerfisbreytingar á fyrstu árum mínum hjá skattinum, en næstu fjörutíu árin þar á undan má segja að ekki hafi mikið breyst. Það má t.d. nefna verðbólguleiðréttingar og svo þær miklu breytingar sem urðu á fjölskylduskattlagningu þegar var farið að huga meira að félagslega þættinum. Upptaka staðgreiðslu breytti þjóðfélaginu á ýmsan hátt og ég er afar sammála þeirri skoðun að það hafi verið ein mesta kerfisbreytingin á síðustu árum þegar við hurfum frá þessu steinrunna eftirágreiðslukerfi og fórum yfir í staðgreiðslu. Ég tel að það hafi verið orðið löngu tímabært að taka hana upp loksins þegar það gerðist. Það var gert á snilldarlegan hátt eins og fram hefur komið í Tíund áður, langur aðdragandi, en ákvarðanir síðan teknar á mjög stuttum tíma. Þetta var spennandi og skemmtilegur tími.

Svo má ekki gleyma uppáhaldsskattinum mínum, fjármagnstekjuskattinum. Lengi var búið að tala um að taka upp svokallaðan vaxtaskatt, því vextir á Íslandi höfðu á öldinni sem leið ekki myndað mikinn skattstofn. Eins og venjulega voru allar klær úti hjá ríkisvaldinu við að fjölga skattstofnum, en með fjármagnstekjuskattinum var tilgangurinn auðvitað líka að ná fram jafnræði í skattlagningunni. Það var búið að gera ýmsar atrennur að þessum skattstofni og fyrir lágu þrjár-fjórar skýrslur með tillögum að upptöku þannig skatts. Eithvað af þessu hafði jafnvel



komist í frumvarpsform, en ekkert orðið að lögum til þessa. Svo gerist það á árinu 1996, í einu veffangi, svona svipað og gerðist með staðgreiðsluna tíu árum áður, að það var drifið í að búa til nýtt kerfi í kringum fjármagnstekjurnar. Þá var ekki eingöngu um að ræða vextina, heldur náði þessi sérstaka skattlagning líka yfir arð, söluhagnað og húsaleigu. Tekinn var upp þessi flati og gegnsæi skattur sem er án nokkurra undanþága. Fjármagnstekjuskatturinn hefur að mínu mati virkað mjög vel og menn hafa rætt hvort sams konar skattlagningarreglur gætu ekki átt við um fleiri skattstofna. Þessi skattstofn hefur sýnt sig og sannað sem réttlátur

skattstofn. Auðvitað má benda á að þarna er ákveðið misræmi milli skattlagningar á atvinnurekstrartekjur og fjármagnstekjur annars vegar og hins vegar launatekjur einstaklinga. Þetta er auðvitað ekki gott og margir hafa ákveðnar skoðanir á þessu fyrirkomulagi sem of langt yrði að rekja hér. Mér finnst samt að þessi framkvæmd hafi verið með því betra sem gert hafi verið, fyrir utan það hve vinnan við upptöku þessa kerfis var spennandi. Það var skipuð fjölmenn nefnd, fjármagnstekjunefnd, þar sem sæti áttu fulltrúar frá öllum þingflokkum og frá ýmsum fulltrúum atvinnulífsins. Það sem yfirleitt er ein-kennandi fyrir störf slíkra fjölmennra

nefnda er að þær skila á tíðum litlum árangri, en þessi nefnd, undir stjórn núverandi sáttasemjara ríkisins, skilaði hins vegar fullbúnu skattkerfi sem varla hefur verið hnikað til síðan það var sett upp.

En að lokum, hvernig er svo skattstjórastarfið?

Það er svipað og ég hafði gert mér í hugar-
lund. En það er auðvitað allt önnur nálg-

un á skattframkvæmdina en maður hafði áður haft, þó ég hafi oft unnið við afleysingar á skattstofum og sinnt alls konar skattstofuverkefnum, alveg frá fyrsta degi hjá ríkisskattstjóra.

Það er samt margt í þessu starfi sem kemur á óvart og svona á heildina litið þá er skattstjórastarfið bæði fjölbreytt og skemmtilegt. Skattstofan á Hellu er gróinn vinnustaður, skipaður frábæru starfsfólki,

vel menntuðu í skattafræðunum og með ríka þjónustulund við þegnana. Þau á skattstofunni hérna í miðjum sveitum Suðurlandsins eru svo sannarlega vel meðvituð um að skattar snúast um lifandi fólk, sem auðvitað er mergurinn málsins.

HE



Auðkenning með rafrænum skilríkjum

Nú hillir loks undir almenna útbreiðslu rafrænna skilríkja á Íslandi, en undirbúningur hefur staðið yfir í allmörg ár. Sá undirbúningur hefur m.a. falist í breytingum á lögum sem tryggja jafna stöðu rafrænna undirskrifta borið saman við hefðbundnar undirskriftir á pappír með bleki. Rafræn skilríki hafa þó verið nýtt með góðum árangri frá árinu 1997 af skattyfirvöldum sem hafa verið brautryðjendur í þessu efni hér á landi. Svokölluð PGP (Pretty Good Privacy) skilríki voru notuð fyrst í samskiptum við endurskoðendur og bókara. Hætt var að nota þau skilríki 2005 og við tók tilraunaverkefni í notkun rafrænna skilríkja á vegum Fjármálaráðuneytis, skattyfirvalda, tollyfirvalda og nokkurra annarra opinberra stofnana. Í því verkefni voru notuð skilríki frá Verisign í samskiptum fagaðila við skattinn og tollinn. Nú hillir undir upptöku nýrra rafrænna skilríkja sem m.a. munu taka við hlutverki eldri skilríkja í fyrrgreindum samskiptum. Þeim skilríkjum verður dreift til allra handhafa debetkorta og þannig fá mun víðtækari útbreiðslu en áður hefur þekkst hér á landi.

Í gangi hefur verið tilraunaverkefni til að auðkenna einstaklinga með rafrænum skilríkjum við innskráningu á þjónustuvef skattstjóra. Notuð eru rafræn skilríki, svokölluð Íslandsrótarskilríki og munu þau, þegar fram líða stundir, að mestu leysa af hólmi veflykla sem notaðir hafa verið hingað til. Verkefnið hófst á árinu 2007 í tengslum við samstarf Fjármálaráðuneytisins fyrir hönd ríkisins og Auðkennis hf. fyrir hönd Samtaka fjármálafyrirtækja. Stefnir er

að því að hefja dreifingu á rafrænum skilríkjum á debetkortum til almennings á árinu 2008 og má nýta þau til auðkenningar og rafrænna undirskrifta. Nýting slíkra skilríkja byggir á svokölluðu dreifilyklaskipulagi (PKI - Public Key Infrastructure) með einni vottunarrót fyrir Ísland, svokallaðri Íslandsrót.

Rafræn skilríki á debetkortum munu í framtíðinni nýttast Íslendingum til að auðkenna sig með öruggum hætti gagnvart, bönkum, opinberum aðilum og öðrum sem nýta sér þessa tækni.

Rafræn auðkenning einfaldar þannig aðgengi að upplýsingum á vefnum, eykur öryggi í rafrænum samskiptum og fækkar notandanöfnum og lykilorðum. Rafræn undirritun sparar tíma og fjármuni þar sem unnt verður að undirrita gögn, t.d. skattframtalið, á vefnum. Hún tryggir heilleika gagna þar sem hægt er að staðfesta hvort átt hefur verið við undirrituð skjöl og tryggir rekjanleika gagna, enda hægt að rekja hver skrifaði undir hvað og hvenær. Lykilatriði í þessu nýja kerfi er sú áhersla sem lögð er á örugga milliliðalausa afhendingu skilríkjanna til notenda sem gerir þessa lausn mun traustari en flestar aðferðir sem notaðar hafa verið hingað til.

Skattyfirvöld munu nýta sér þessa tækni í framtíðinni, bæði til auðkenningar eins og gert er nú þegar, en einnig til rafrænnar undirritunar skjala sem skilað er til þeirra, s.s. skattframtala, skilagreina staðgreiðslu, virðisaukaskattskýrslna og annarra samskipta við fólk og fyrirtæki í landinu. Fjármálaráðuneytið heldur út vefnum www.skilriki.is, en þar er að finna allar helstu upplýsingar um rafræn skilríki og notkunarmöguleika þeirra.

ÆÍ

Starfstengd kaup á hlutabréfum með söluréttartryggingu



Aðalsteinn
Hákonarson

Á síðustu misserum hefur í nokkrum tilvikum komið upp ágreiningur á milli gjaldenda og skattyfirvalda um hvernig beri að fara með starfstengd kaup á hlutabréfum sem tryggð eru með sölurétti í skattalegu tilliti. Ekki liggur fyrir nein niðurstaða frá yfirséðunefnd eða dómstólum í þessum efnum enn sem komið er. Ríkisskattstjóri hefur lagt sig eftir að upplýsa hvað felst raunverulega í þessum samningum og komist að þeirri niðurstöðu að um sé að ræða útfærslu sem fara beri með á sambærilegan hátt og starfstengd hlutabréfakaup með kauprétti. Verður nú nánar gerð grein fyrir þessum ágreiningi að mati ríkisskattstjóra.

Kaupréttir/söluréttir

Oft er sagt að kaupréttur og söluréttur séu eins og sitt hvor hliðin á sama peningnum. Báðir samningarnir falla undir svonefnda valréttarsamninga og það er nánast sama hvar borið er niður, venjan er að flokka þá eða fjalla um þá samhliða. Í almennum kauprétti felst að kaupréttarhafinn á rétt á að kaupa en er ekki skyld-

ugur til þess. Aftur á móti er útgefandi samningsins skyldugur að selja ef kaupréttarhafinn vill kaupa. Almennur söluréttarsamningur er einskonaframingamynd af kaupréttinum. Söluréttarhafinn á þá réttinn til að selja án þess að vera skyldugur til þess. Útgefandi samningsins er með sama hætti skyldugur að kaupa ef söluréttarhafinn vill selja. Kaup- og söluréttarsamningar geta tekið til nánast hvers sem er og algengt er að þeir séu notaðir í hrávöru- og gjaldeyrisviðskiptum. Eitt megin-einkenni þeirra er að geta gengið kaupum og solum. Líkja má þessum samningum við váttryggingarvernd og í þeim sjálfum felst engin sérstök skattskylda umfram það sem gildir um önnur kröfuréttindi. Sá sem selur kauprétt eða sölurétt með hagnaði myndar skattskyldar tekjur. Eins gætu falist í því skattskyld hlunnindi ef menn fá svona valrétti endurgjaldslaust eina og sér.

Kaupréttur með starfssambandi

Á árinu 2000 var ákvæði 9. gr. núgildandi skattalaga lögtekið. Þar er að meginstofni kveðið á um að tekjur manna af hlutabréfum samkvæmt kauprétti sem þeir hafa fengið vegna starfa sinna fyrir annan aðila skuli sæta launaskattlagningu. Til slíkra tekna telst mismunur á gangverði hlutabréfa þegar kaupréttur er nýttur og kaupverðinu sem ákvarðað var þegar kaupréttarsamningurinn var gerður. Við nýtingu kaupréttar myndast nýtt stofnverð í hendi kaupandans og eftir það skoðast tekjur af hlutabréfunum sem fjármagnstekjur. Sú

skattfrákvæmd hefur einnig verið staðfest að ef starfssambandið er fyrir hendi skiptir ekki máli hvort samningarnir eru gerðir við starfsmanninn sjálfan eða félag í hans eigu, þær tekjur sem reiknast við nýtingu kaupréttar teljast laun hans. Almennt verður kaupréttur sem byggist á starfssambandi ekki framseljanlegur þar sem slíkt samband yrði þá að fylgja með.

Starfssamband og kaup með sölurétti



Á árunum 2003 og 2004 virðist sem nýtt samningsform hafi rutt sér til rúms. Þá komu til sögunnar einskonaframingaknippi eða samningavöndlar þar sem nokkrir samningar eru tengdir innbyrðis í ákveðinn tíma og starfssambandið er grunnforsendan sem tengir þá. Fyrst ber að telja kaupsamning um kaup starfsmannsins á hlutabréfum í launagreiðanda sínum. Einkenni á svona kaupsamningi er m.a. að starfsmanni er gert skylt að eiga bréfin út samningstímamann, veðsetning eða önnur ráðstöfun er óheimil og sé samningurinn gerður við félag í eigu starfsmannsins er honum skylt að tryggja eignarhald sitt og stjórnun á því á eignarhaldstímanum. Kaupverðið er jafnan greitt með lánasamningi eða skuldabréfi sem launagreiðandinn veitir eða útvegar hjá fjármálafyrirtæki. Um er að ræða kúlubréf sem algengt er að séu til þriggja ára en lengri samningar hafa sést. Lánið er veitt starfsmanni eða félagi í hans eigu með veði í hlutabréfunum og jafnan tengt þeim skyldum og takmörkunum sem fram koma í kaupsamningi eða öðrum samn-

ingum í knippinu. Arðgreiðslur af hlutabréfunum renna að jafnaði til lánveitandans inn á áfallna vexti af láninu eða til greiðslu upp í höfuðstól sé arðurinn hærrí en vextirnir. Sé lánveitandi annar en launagreiðandinn hefur hann jafnan rétt til að nýta söluréttarsamninginn, sem er þriðji samningurinn, fari eitthvað úrskæiðis og þannig virkar hann sem viðbótartrygging fyrir lánveitandann. Í söluréttarsamningi, sem er til jafnlengdar lána-samningi, felst að starfsmaðurinn getur á tilteknu tímabili undir lok hans selt hlutabréfin á sama verði og hann keypti þau á að viðbættum vöxtum og öðrum kostnaði. Hafi hlutabréfin lækkað í verði eða hækkað óverulega getur hann gengið út úr samningunum sér að skaðlausu eins og þeir hafi aldrei verið gerðir. Launagreiðandinn ber þá hallann sem af þessu kann að verða. Hafi aftur á móti orðið hækkan á hlutabréfunum á láns- og söluréttartímanum getur starfsmaðurinn selt bréfin með hagnaði og greitt upp lánið þegar sölurétturinn rennur út og lánið ásamt vöxtum fellur í gjalddaga. Hann getur líka tekið ákvörðun um að eiga bréfin áfram, greitt upp lánið og endurfjármagnað kaupin. Fjórði samningurinn er svo handveðsyfirlýsing sem takmarkar ráðstöfunarétt starfsmannsins á hlutabréfunum á meðan lánið er óuppgeert og sölurétturinn enn í gildi og veitir lánveitandanum rétt til að annast allar þær formlegu ráðstafanir sem þarf til að tryggja veðið, þ.m.t. að stofna bankareikninga í nafni eða umboði starfsmannsins og annast opinberar skráningar.

Mismunur á kauprétti og sölurétti

Á venjulegu línuriti má sjá að tekjuflæði af gengisbreytingum hlutabréfa er nákvæmlega eins hvort heldur starfsmaður félags gerir starfstengdan kaupréttarsamning um hlutabréf eða starfstengdan samning um kaup á hlutabréfum með sölurétti. Það er tilkostnaðurinn sem aftur á móti getur orðið mismunandi á tímabilinu frá P1 til P2 samanber eftirfarandi myndir sem rétt er að skoða nánar:

Í báðum tilvikum er um að ræða feril sem lýsir þróun á gengi hlutabréfa í félaginu AB. Vinstra megin er um að ræða kaup á hlutabréfum í AB með starfstengdum kauprétti en hægra megin kaup á hlutabréfum í sama félagi með starfstengdum



sölurétti. Á kaupréttarlínuritinu gerir starfsmaður kaupréttarsamning í upphafspunkti P1 þegar gengið er 20 kr. á hlut. Að fjórum árum liðnum nýtir hann kaupréttinn með því að standa við kaupin og greiðir fyrir sama verð í punktinum P2 og var í upphafi, þ.e. í punktinum P1. Í punktinum P2 er markaðsverð á bréfunum orðið 50 kr. á hlut, sbr. P3 og þá reiknast hækkanin úr P2 í P3 sem launatekjur starfsmannsins. Í punktinum P3 myndast nýtt stofnverð í hendi starfsmanns og sú hækkan sem kann að verða á bréfunum eftir það telst fjármagnstekjur. Hægra megin er svo línurit sem lýsir kaupum með sölurétti og er nákvæmlega eins og hið fyrra. Þá gerir starfsmaður kaupsamning með sölurétti í upphafspunkti þegar gengið er 20 kr. á hlut. Eftir jafnlangan tíma eða að fjórum árum liðnum rennur sölurétturinn út og í stað þess að nýta hann ákveður starfsmaðurinn að standa við kaupin á genginu 20.

Í punkti P2 er markaðsverðið á bréfunum eins og í kaupréttartilvikinu orðið 50 kr. á hlut. Hækkanin úr punkti P2 í P3 ætti þá að mati ríkisskattstjóra eins og í kaupréttarlínuritinu að teljast laun en hækkan eftir það fjármagnstekjur. Eins og sjá má verða nákvæmlega sömu tekjur af gengisbreytingum hlutabréfanna í hendi starfsmannsins hvora leiðina sem hann fer, kaupréttarleið eða söluréttarleið. Aftur á móti getur tilkostnaður eða annar ávinningur orðið mismunandi eftir því hvor leiðin er farin. Kaupréttarhafi greiðir að jafnaði enga vexti á tímabilinu frá P1 til P2 en söluréttarhafi, sem ekki nýtir sér sölurétt, greiðir að jafnaði vexti á því tímabili en nýtur jafnframt arðs af hlutabréfunum á sama tíma. Það ræðst þannig af fjárhæð vaxta og arðs hvort söluréttarhafinn þarf að bera vaxtakostnað umfram arðstekjurnar eða hefur arðstekjur umfram vaxtagjöldin.

Ágreiningur gjaldenda og ríkisskattstjóra

Gjaldendur hafa haldið því fram að um sé að ræða sjálfstæða samninga um kaup á hlutabréfum. Þeir njóti arðs af bréfunum, þau séu skráð á nöfn þeirra á VS reikningum hjá Verðbréfaskráningu Íslands og þeir fari með atkvæðisréttinn. Þannig séu tekjur af þeim fjármagnstekjur þegar þau séu seld. Ríkisskattstjóri hefur haldið því fram að um sé að ræða útfærslu á kauprétti þegar samningarnir færa starfsmanninum valrétt um að standa við kaupin eða ganga frá þeim sér að skaðlausu með því að nýta söluréttinn og að engin raunveruleg kaup hafi átt sér stað fyrir en sölurétturinn sé runninn út eða fallinn úr gildi. Hækkan hlutabréfanna á söluréttartímabilinu eigi, eins og í tilviki kaupréttar, að teljast starfstengd laun og sæta launaskattlagningu. Ríkisskattstjóri bendir á að starfsmaðurinn leggi ekki út svo mikið sem eina krónu og áhættan af kaupunum flytjist ekki yfir til hans fyrir en sölurétturinn sé fallinn úr gildi. Sölurétturinn sé ekki framseljanlegur vegna starfssambandsins og mörg dæmi séu um að fjármálafyrirtæki séu skráð fyrir hlutabréfum á VS reikningum sem raunverulega séu í eigu annarra. Þá bendir ríkisskattstjóri á að samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sem sé nýjasta regluverkið á þessu sviði, færi launagreiðandinn og útgefandi söluréttar ekki hjá sér sölu á hlutabréfum nema sem biðreikningsfærslur þangað til sölurétturinn er úr gildi fallinn. Reikningsskilaefnd löggiltra endurskoðenda hefur einnig sent frá sér samþærilegt álit á þessu ári.

Hér hefur verið tæpt á nokkrum helstu ásteytingsatriðum sem komið hafa upp í þessum efnunum. Engin leið er (í stuttri grein eins og þessari) að koma að öllum rökum og sjónarmiðum og verður það að gerast á öðrum vettvangi. Það er öllum til hagsbóta að það takist að leysa þennan ágreining sem fyrst.



Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri eru STOFNANIR ÁRSINS 2008



SFR stóð í byrjun árs fyrir vali á stofnun ársins í þriðja sinn. Nú varð sú breyting á að stofnunum var skipt í smærri og stærri stofnanir og var þar miðað við að starfsmannafjöldi væri undir eða yfir 50. Valið fer þannig fram að starfsmenn meta á órekjanlegan hátt ýmsa lykilkætti í starfi stofnunarinnar. Niðurstaðan var kynnt í hófi sem SFR hélt 16. maí 2008. Skattrannsóknarstjóri ríkisins varð stofnun ársins 2008 í hópi minni stofnana. Er það í

þriðja sinn sem skattrannsóknarstjóri ríkisins verður stofnun ársins. Skattrannsóknarstjóri fékk einnig hæsta skor allra stofnana.

Ríkisskattstjóri varð stofnun ársins 2008 í hópi stærri stofnana. Hækkaði ríkisskattstjóri sig um 45 sæti frá fyrra ári. Án efa eru það ánægjuleg tíðindi fyrir Fjármálaráðuneytið sem er það ráðuneyti sem fer með starfsmannamál og almennar umbætur í ríkisrekstri, að tvær af meg-



Á myndinni eru Gísli Bjarnason og Karl S. Lauritzson frá skattstofu Austurlands, Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri, Skúli Eggert Þórðarson og Ingvar Rögnvaldsson frá ríkisskattstjóra og Trausti Bragason fyrir skattstofu Vestfjarða.

instofnunum ráðuneytisins skulu skipa efstu sæti í könnun sem þessari. Það var einnig athyglisvert að tvær skattstofur urðu í þriðja og fjórða sæti og tvær skattstofur til viðbótar voru einnig mjög ofarlega í 8. og 13. sæti. eru því samtals sex af stofnunum skattfyrvalda sem eru framfarlega. Er það óneitanlega skýr vísbending um að starfsmenn skattfyrvalda séu almennt ánægðir í starfi. Fyrir stjórnendur stofnana eru þetta auðvitað vísbend-

	Stærri stofnanir	Minni stofnanir
1. sæti	Ríkisskattstjóri	Skattrannsóknarstjóri ríkisins
2. sæti	Umferðarstofa	Sýslumaðurinn í Vík
3. sæti	Sjálfsbjargarheimilið	Skattstofa Austurlands
4. sæti	Landbúnaðarháskóli Íslands	Skattstofa Vestfjarða
5. sæti	Reykjalundur	Búnaðarsamtök Vesturlands



ingar um að áherslur í stjórnun séu réttar og starfsmönnum líði vel í starfi. Hjá ríkisskattstjóra hefur verið unnið að endurskipulagningu stofnunarinnar á undanförunum mánuðum. Ný mannauðs stefna og breyttar áherslur í starfsmannamálum hafa án efa átt þátt í því að niðurstaðan varð með þessum hætti. Starfsmenn ríkisskattstjóra gerðu sér glaðan dag í til efni af tímamótunum og fengu sér kökusneið á stuttum starfsmannafundi sem haldinn var 19. maí sl. Þeir slógu síðan upp grillveislu með fjölskyldum sínum í júníbyrjun. Þar komu rétt tæplega 90% af starfsmönnum, ásamt mökum og börnum og öðrum fjölskylduvinum.




Á efstu myndinni má m.a. sjá þau Ingbjörgu Erlendsdóttur, Brigítte M. Jónsson, Ingvar J. Rögnvaldsson, Guðrúnu Jenný Jónsdóttur sem sker sér tertusneið, Jens Þór Svansson, Jón Guðmundsson, Ásgeir Heimi Guðmundsson, Jarprúði Hönnu Jóhannsdóttur, Ásdísi Grímu Jónsdóttur, Ara Ísberg, Skúla Magnússon, Huldu Pálsdóttur, Rán Pétursdóttur og Svölu Hilmarsdóttur.

Á miðmyndinni eru þeir Bragi Freyr Kristbjörnsson og Páll Steinþórsson að skenka samstarfsmönnum en þau Esther Sigurðardóttir og Robert Biglio fylgjast með.




Á neðstu myndinni má sjá Bjarna Amby Lárússon með eiginkonu og börnum.



IHG



Stofnanir ársins í myndum



“Ég vil bara haf’ett í lagi”

Erindi flutt á skattstjórafundum 2008 í Stykkishólmi

Þessi setning hefur hljómað í huga mér síðan ungur tónlistarmaður lét hana falla í umræðum um skattamál á vordögum. Skyldi það ekki vera þannig í raun að flestir skattgreiðendur vilji „bara haf’ett“ í lagi? Oft er það hins vegar svo að almennt er einblínt á hið gagnstæða. Þannig er fremur horft til þess sem miður fer en þess sem er í ásættanlegum farvegi. Frekar á ókosti en kosti, frekar á vandamál en lausnir.

Ef gengið er út frá þeirri heildarsýn að flestir hafi áhuga á því að hafa sitt á hreinu í tengslum við skattamál þarf að byggja skattkerfið í víðasta samhengi upp á þann veg að gera það kleift. Auðvitað verður það aldrei svo að allt verði í himnalagi í þessum efnum – það er ekki raunhæft – en hægt er að byggja á því meginþingarmíði að þorri skattgreiðenda vilji hafa hlutina í viðunandi horfi. Þá vakna spurningar um hvernig hægt sé að stuðla að því enn frekar en nú er.

Upphafspunkturinn þarf að vera trúin á að skattgreiðendur vilji hafa hlutina í lagi og til þess að svo megi verða þarf allt skattkerfið að standa sig. Það þarf að hafa upplýsingar, reglur og leiðbeiningar á reiðum höndum og tryggja aðgengi að þeim eftir þörfum hvers og eins. Það þarf að gera tölvukerfi og önnur samskipti þannig úr garði að þau verði auðveld og þeim sé treystandi. Það þarf að sækja enn meira af upplýsingum út fyrir skattkerfið en þegar er gert og koma þeim á réttan stað. Að þessu öllu fengnu geta skattfyrvöld gert ríkar kröfur um að hlutirnir séu í lagi, hvort heldur hjá einstaklingum eða rekstraraðilum, smáum og stórum. Þá þarf ekki síður að tryggja að skattgreiðendur hafi trú á því að skattkerfið „standi sína plikt“ og sé réttlátt. Vinna þarf saman og samstíga.

Tiltrú skattgreiðenda

Tiltrú skattgreiðenda skapast auðvitað fyrst og fremst af því að lögum og reglum sé fylgt, unnið sé faglega að öllum málum og að sanngirni og samræmis sé gætt. Auk þess þarf að sýna þjónustulund og lipurð í samskiptum,



að setja niðurstöður fram með skýrum, skiljanlegum og rökstuddum hætti, upplýsa um kæruleiðir, gæta þagmælsku og upplýsa um rétt en ekki bara skyldur. Þá þarf hver og einn skattgreiðandi að hafa aðgang að eigin gögnum. Vafalaust mætti tína fleira til. Meginatriðið hlýtur að vera jafnræði eða samræmi. Jafnræði milli skattgreiðenda, milli atvinnugreina og milli landshluta. Án þess næst aldrei sá mikilvægi þáttur að menn telji sig tryggja

í samskiptum við skattinn. Svo þurfa menn auðvitað líka að trú á því að við séum ekki bara „leiðindadurgar“ og formlegheitin uppmáluð!

Er hægt að ná þessu?

Með því að skattkerfið setji sér skýr markmið og leiðir og geti svarað hvernig hlutirnir eiga að vera og sýni þjónustulund er hægt að ná miklum árangri í bættri skattfrankvæmd á alla lund. Til þess þarf auðvitað skýr lög og reglur, góðar leiðbeiningar, aðgengi að reglum og leiðbeiningum, eftirfylgni og sveigjanleika.

Ef skattkerfið getur ekki svarað því hvernig hlutirnir eiga að vera er varla hægt að ætlast til þess að skattgreiðendur hafi „allt rétt“. Lög og reglur eru oft á tíðum alltof óskýrar. Það er unnt að bæta. Leiðbeiningar eru ekki til í öllum tilvikum. Það er líka hægt að bæta og er þegar hafið af hálfu ríkisskattstjóra. Aðgengi að upplýsingum þarf að vera fyrir hendi, bæði innávið til starfsmanna skattkerfisins og útávið til skattgreiðenda og fagmanna. Þar hlýtur fyrst og fremst að verða litið til vefsins sem tryggir öllum aðgengi að sams konar upplýsingum og leiðbeiningum hver og hvaðan sem leitað er, sem jafnframt leiðir til meira samræmis í orðum og athöfnum. Það þarf einnig meiri eftirfylgni, t.d. meira

samspil þeirra upplýsinga sem fyrir eru í skattkerfinu og skjótari viðbrögð þannig að síður komi til þess að endurákvæðanir af ýmsu tagi taki til fjölda ára. Á þann hátt er einnig hægt að uppfylla betur þær leiðbeiningaskyldur sem hvíla á skattfyrvöldum.

Tiltekt

Nauðsynlegt er bæði að taka til í skattalöggjöfinni og lögfesta ákvæði um hin ýmsu atriði, bæði með hliðsjón af úrskurðum

yfirs kattane fndar og dómanidurstöðum og í takt við breytingar sem orðið hafa á Þjóðfélaginu og almennt á samfélagi Þjóðanna. Sem dæmi um breytingar á laga-setningu sem kalla á skoðun á samspili við tekjuskattslögin má nefna heimildir í hlutafélagalögum um sameiningu félaga yfir landamæri. Þá má nefna að nú eru rétt 20 ár frá því að staðgreiðsla opinberra gjalda var tekin upp. Síðan hefur margt breyst, t.d. hafa verið sett lög um einkahlutafélög. Í kjölfarið hefur þeim sem stunda atvinnurekstur í eigin nafni fækkað og þeir stofnað einkahlutafélög í staðinn um rekstur sinn. Af þessu tilefni vakna t.d. spurningar um meðferð á reiknuðu endurgjaldi og vangreiddri skilaskyldri staðgreiðslu eigenda og stjórnenda einkahlutafélaga í samanburði við ákvæði er varða almenna launamenn. Fleiri dæmi verða ekki nefnd hér en af ýmsu er að taka ef grannt er skoðað.

Þá þarf að endurskoða gamlar reglugerðir og setja nýjar. Sem dæmi má nefna að enn er eftir því sem efni standa til í gildi reglugerð nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Hluti þeirrar reglugerðar var

felldur úr gildi með setningu reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Var það til mikilla bóta varðandi þann þátt en nauðsynlegt er að gera betur, enda mikið vatn runnið til sjávar síðan báðar þessar reglugerðir voru settar. Myndi setning nýrrar reglugerðar um tekjuskatt án efa auka mjög á öryggi og samræmi í skattfrankvæmd.

Lögum samkvæmt skal árlega setja reglur um mat á hlunnindum og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs, s.k. skattmat. Því skýrara sem skattmatið er því meira öryggi verður í skattfrankvæmd að því er greinda þætti varðar. Nauðsynlegt er að fjölga þeim tekjuliðum sem um er fjallað í skattmati, bæði það sem telja ber til tekna og eins það sem heimilt er að halda utan við tekjufærslu, auk þess að útfæra enn betur það sem þegar er fjallað um í gildandi skattmati. Í þessu felst mikil samræming og tækifæri til að fækka álitafnum af slíkum toga.

Ýmis tækifæri eru til einföldunar á skattfrankvæmd hjá þeim sem hafa óverulegar tekjur af sjálfstæðu starfi en

ber samt að reikna sér endurgjald af þeim sökum samkvæmt núgildandi löggjöf. Fara mætti með slíkar tekjur upp að tilteknu marki á annan veg en nú er gert. Einnig mætti hækka gildandi lágmark varðandi ákvörðun reiknaðs endurgjalds. Yrði slíkt til mikillar einföldunar bæði fyrir skattgreiðendur og skattkerfið.

Að lokum

Stiklað hefur verið á stóru hér að framan í þeim tilgangi að vekja umræðu og umhugsun. Þótt mjög margt hafi verið gert til einföldunar og til að auðvelda framtalsgerð má ekki láta þar staðar numið. Huga þarf að ýmsum leiðum og úrbótum í því sambandi en þó alltaf með það að leiðarljósi að efla á alla lund það sem kalla má þjónustu við skattgreiðendur og tryggja aukið samræmi í víðum skilningi þess orðs. Stuðla þarf að því að allir sitji við sama borð. Hvorki skal vera of eða van. Því getum við leitast við að ná með öflugum skattkerfi.

Og þá verður sennilegast...bara sátt og samlyndi.

Elín Alma Arthursdóttir

Nýr skattstjóri á Ísafirði

Fjármálaráðherra hefur skipað **Rósu Helgu Ingólfsdóttur** skattstjóra Vestfjarðaumdæmis til næstu fimm ára frá 1. júlí sl. Hún tók við starfinu af Guðrúnu Björgu Bragadóttur sem gegndi því í rúmlega sex ár. Það er í þriðja skipti á nokkrum mánuðum sem skipaður er nýr skattstjóri, en í lok síðasta árs var Hanna Björnsdóttir skipuð skattstjóri Norðurlandsumdæmis vestra og í vor var Steinþór Haraldsson skipaður skattstjóri Suðurlandsumdæmis.

Rósa Helga lauk B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri árið 2006. Hún hefur starfað á Skattstofu Norðurlandsumdæmis vestra frá árinu 1995, fyrst sem þjónustufulltrúi í staðgreiðsludeild og svo sem deildarstjóri tekjuskattsdeildar.



Skattur eða eignarnám?

Eigi er það sættarrof segir Njáll að hver hafi lög við annan því að með lögum skal land vort byggja en með ólögum eyða

Njálssaga, 70. kafli.



**Jóhannes
Hraunfjörð
Karlsson**

Inngangur

Árið 1949 verða ákveðin þáttaskil við stjórn efnahagsmála hérlendis. Sjálfstæðisflokkur breytir um stefnu, vill frjálssa verslun, lága skatta og blandað hagkerfi.

Hinir flokkarnir þrír, Alþýðflokkur, Sósíalístaflokkur og Framsóknarflokkur, vildu hins vegar mjög miðstýrt kerfi þar sem öll fjármunamyndun yrði í höndum opinberra aðila.

Þessi munur á stjórnmalaflokkunum kemur skýrt fram í skattapólitíkinni. Á tímabilinu 1947 til 1957 var þrívægis lagður á stóreignaskattur sem ætlað var það hlutverk að rétta þjóðarskútuna við. Skemmst er frá því að segja að þessar ráðstafanir fóru út

um þúfur. Óðaverðbólga fór af stað, menn töpuðu sparifénu og hættu að leggja fyrir. Fé banka til útlána minnkaði, vöruskipti að hætti Sovétríkjanna urðu æ algengari í utanríkisviðskiptum og spilling í hinu opinbera kerfi gróf um sig. Tvívægis fóru skattgreiðendur í mál við ríkið og fór seinna málið til mannréttindanefndar Evrópu og er fyrsta mál sem Íslendingar

Útdráttur

Stóreignaskattur var þrívægis lagður á frá 1947 til 1957 og olli miklum deilum í þjóðfélaginu. Tvívægis fóru skattgreiðendur í mál við ríkið og töpuðu í bæði skiptin, tvívægis klofnaði Hæstiréttur. Seinna málið fór alla leið til mannréttindanefndar Evrópu og er fyrsta mál sem Íslendingar senda til hennar. Það er vel þekkt í alþjóðlegum skattarétti og gengur almennt undir nafninu „the Gudmundsson case“.

Hjá stjórnvöldum er álagning skatta ekki markmið í sjálfa sér. Það eitt að menn greiði skatta eykur ekki velmegun. Það er hvernig hið opinbera ráðstafar skatttekjum sínum sem ræður úrslitum um velmegun borgaranna. Með öðrum orðum þörfum borgaranna er betur sinnt með því að greiða skatta, heldur en ef hver og einn ráðstafar tekjum sínum. Um þetta var ekki deilt í stóreignaskattmálinu. Þetta var rammpólitískt mál. Tekist var á um grundvallaratriði í pólitískri umræðu, hvaða þörfum ber hinu opinbera að sjá um að uppfylla og hvað á einstaklingurinn sjálfur að sjá um að uppfylla.

Í stóreignaskattmálinu kristallast munurinn á hægri- og vinstrimönnum um miðja 20. öldina. Sjálfstæðismenn töldu að skattar ættu að miðast við að eðlileg fjármunamyndun ætti sér stað hjá fyrirtækjum og einstaklingum. Þeir vildu blandað og frjálst hagkerfi. Vinstrimenn töldu þetta viðhorf eingöngu vera í nösunum á sjálfstæðismönnum. Þegar til kastanna kæmi hygl-



uðu þeir sínum mönnum. Vinstrimenn vildu láta skattlagningu þegnanna standa undir fjármagnsuppyggingu fyrirtækjanna án tillits til hagkvæmni.

sendu til hennar. Í báðum dómunum gegndi Guðmundur Guðmundsson í Trésmiðjunni Víði að Laugavegi 166 stóru hlutverki. Málið er vel þekkt í alþjóðlegum skattarétti og gengur almennt undir nafninu „the Guðmundsson case“.

Að sögn Adam Smith eiga skattar að vera jafnir og sanngjarnir. Einnig eiga þeir að vera þekkt og rækilega skilgreind stærð og mega ekki ráðast af geðþóttaákvörðunum stjórnvalda. Þessar kennisætningar hafa lagt grunninn að skattheimtu Vesturlanda síðustu tvær aldirnar. Í báðum þessum málum var tekist á um eftirtalin grundvallaratriði; hvað má ríkisvaldið ganga langt í að skattleggja eignir ákveðinna hópa án þess að það mismuni skattgreiðendum og að um eignarnám sé að ræða? Skattgreiðendur töpuðu málaferlunum í Hæstarétti en ólíklegt er að slík niðurstaða fengist nú.

Hér er fjallað um stóreignaskattinn 1950 og 1957 en fyrst verða skoðaðar tillögur þeirra dr. Benjamíns H. J. Eiríkssonar og prófessors Ólafs Björnssonar um aðgerðir í efnahagsmálum.

Stóreignaskatturinn 1950

Dýrtíðarráðstafanir ríkisstjórnar Stefáns Jóhanns Stefánssonar, Stefaníu, skiluðu ekki þeim árangri sem til var ætlast. Verðbólgan hélt áfram að geisa og í árslok 1948 voru samþykkt ný lög um dýrtíðarráðstafanir. Framsóknarmenn höfðu aldrei verið einhuga í ríkisstjórninni og sjálfstæðismenn vildu gjarnan fara aðrar leiðir en Stefán Jóhann Stefánsson boðaði. Brestir fóru að koma í stjórnarsamstarfið. Um sumarið 1949 fékk ríkisstjórnin dr. Benjamín H. J. Eiríksson hagfræðing til að gera úttekt á efnahagsmálum þjóðarinnar. Þessi úttekt er tímamótaverk í stjórn efnahagsmála hérlendis og má vel gera því skóna að hún hafi flýtt fyrir falli Stefaníu. Framsóknarmenn settu nú stjórninni úrslitakosti með tillögum í dýrtíðar- og efnahagsmálum. Hvorki Alþýðuflokkur né Sjálfstæðisflokkur vildu fallast á tillögur framsóknarmanna og ríkti stjórnarkreppa í landinu.

Í framhaldinu var boðað til kosninga og Ólafur Thors formaður Sjálfstæðisflokksins myndaði minnihlutastjórn í byrjun desember 1949. Hann lýsti því yfir að meginhlutverk hinnar nýju stjórnar væri að finna varanlega lausn á efnahagsmálum þjóðarinnar. Ólafur fékk tvo hag-



fræðinga til ráðgjafar í dýrtíðarmálunum, þá dr. Benjamín H. J. Eiríksson og prófessor Ólaf Björnsson. Þeir byggðu tillögur sínar að mestu á „Álitsgerð um hagnál“ eftir dr. Benjamín frá því þá um sumarið. Samkvæmt því voru athugaðar þrjár leiðir: styrkja- og ábyrgðaleiðin, niðurfærslueða verðhjöðunarleiðin og gengislækkunarleiðin. Þeir mæltu sérstaklega með síðastnefndu leiðinni og féllst ríkisstjórnin á hana. Tillögur og greinargerð þeirra dr. Benjamíns og prófessors Ólafs voru sendar Alþýðuflokki og Framsóknarflokki í byrjun febrúar 1950 og þeir beðnir um að mynda nýja meirihlutastjórn á grundvelli tillagnanna. Alþýðuflokkurinn féllst ekki á tillögurnar en framsóknarmenn báru fram vantrauststillögu á ríkisstjórnina og

í framhaldinu mynduðu þeir nýja ríkisstjórn um miðjan mars 1950. Ekki vildu þeir taka tillögur hagfræðinganna hrár upp úr greinargerðinni, heldur semja sérstaklega um lausn vandamálnanna.

Samkvæmt tillögum skyldi gengi íslensku krónunnar fellt um 42,6 af hundraði. Fræðilega séð hækkar verð fasteigna og annarra sambærilegra eigna við gengislækkun. Þar sem megingiltangur þessara aðgerða var að skapa jafnvægi í þjóðarþúskaðum en ekki að færa neinum sérstökum hópi manna óeðlilegan gróða lögðu þeir dr. Benjamín og prófessor Ólafur til að lagður yrði sérstakur stóreignaskattur á alla skattskylda einstaklinga og fyrirtæki nema forseta Íslands. Skyldi skatturinn leggjast á þær eignir

einar sem hækkuðu í verði að krónutölu vegna gengislækkunarinnar og greiddast upp á 20 árum. Skattskuldin bæri 3,5 af hundraði í ársvexti. Þess vegna skyldi draga peninga, verðbréf og útistandandi skuldir frá hreinni eign áður en skatturinn yrði lagður á. Til að meta áhrif gengisfellingarinnar var eignamönnum skipt upp í fjóra hópa;

1. þá sem áttu skuldlausar eignir í fríðu,
2. þá sem áttu peninga eða verðbréf,
3. þá sem skulduðu
4. og þá sem skulduðu en áttu eignir í fríðu.

Við almenna verðhækkun hækka allar eignir í verði aðrar en peningar og verðbréf, sem nemur hinni almennu verðhækkun. Þeir sem áttu eignir í peningum og verðbréfum urðu því fyrir raunverulegu tjóni. Skuldararnir í þriðja hópnum högnuðust hins vegar um þá upphæð sem samsvaraði tapi þeirra sem áttu peninga og verðbréf. Í fjórða hópnum áttu menn eftir sem áður sömu eignir en högnuðust á gildisrýmum skulda, s.s. húsnæðisskulda. Tveir seinustu hóparnir högnuðust því verulega á gengisfellingunni.

Dr. Benjamín H. J. Eiríksson og prófessor Ólafur Björnsson lögðu til að stóreignir yrðu skattlagðar sem svaraði til þess tjóns sem eigendur peninga og verðbréfa urðu fyrir. Eingöngu þeir sem höfðu tekjur og áttu eign sem næmi meira en 300.000 krónum skyldu greiða stóreignaskatt, en það var meðalverð íbúðar á þessum tíma. Ekki væri ástæða til að hafa skattinn stighækkandi þar sem gengislækkunin hefði sömu áhrif á litlar og stórar eignir og nóg væri að hafa skattinn á milli 10 og 12 af hundraði af verðmæti eigna. Auk þess tóku þeir fram, að þar sem hinar skattlögðu eignir væru eingöngu í fríðu, þ.e. fasteignir og slíkar eignir, en ekki handbært fé, ykist hættan á að greiðsluvandræði sköpuðust hjá fyrirtækjum og einstaklingum ef skatturinn væri hærri. Rekstur viðkomandi fyrirtækja gæti því dregist saman og skattbyrðin lent á fleirum en þeim sem ætlað var að bera skattinn. Jafnframt lögðu þeir til að hlutafélög og samvinnufélög yrðu skattlögð eins.

Ríkisstjórnin byggði frumvarp um stóreignaskatt á þessum tillögum. Samkvæmt því var miðað við eignastöðu 31. desember 1949. Einstaklingar skyldu greiða 10 af hundraði af eignum á bilinu 300.000 krónur til einnar milljónar króna, en 12 af

hundraði af eignum umfram eina milljón króna. Samsvarandi skatthlutfall fyrir hlutafélög og samvinnufélög var átta og tíu af hundraði, en þau skyldu greiða jafnt.

- Fasteignir skyldu metnar eftir fasteignamat margfölduðu með 5 í Reykjavík, 4 í kaupstöðum með 4.000 íbúa og fleiri (Hafnarfjörður og Akureyri) og 3 á öðrum stöðum.
- Eignir hlutafélaga og samvinnufélaga skyldu metnar af þriggja manna nefnd er ríkisstjórnin skipaði.
- Hlutabréf skyldu ekki talin með eignum einstaklinga og félaga. Í staðinn skyldi ekki draga hlutafé frá eignum hlutafélaga.
- Stofnsjóðir samvinnufélaga skyldu teljast eign félagsmanna en ekki samvinnufélaganna.
- Ógreiddan eignaaukaskatt samkvæmt dýrtíðarráðstöfunum Stefaníu árið 1947 skyldi draga frá eignum til að finna skattskylda eign.
- Til að finna skattskylda eign skyldi draga sparifé, peninga, verðbréf og útistandandi skuldir frá eignum viðkomandi.

Stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks tók við 14. mars 1950 og lög um stóreignaskatt gengu í gildi aðeins fimm dögum seinna. Framsóknarmenn voru ekki tilbúnir til að samþykkja tillögur minnihlutastjórnar Ólafs Thors óbreyttar og í stjórnarmyndunarviðræðunum breyttist ákvæðið um stóreignaskattinn verulega. Skattinn skyldi greiða að hluta innan sex mánaða en eftirstöðvarnar á 20 árum eins og áður en ársvextirnir af skattskuldinni voru ákvarðaðir 4 af hundraði í stað 3,5:

- Í fyrsta lagi breyttist margföldunarstuðull fasteignamatsins. Fasteignamat í Reykjavík skyldi margfaldað með 6 í stað 5 og fasteignamat í Hafnarfirði og á Akureyri skyldi margfaldað með 5 í stað 4. Búinn var til nýr flokkur fyrir kaupstaði með íbúa á bilinu 2.001 til 4.000 (Keflavík, Akranes og Ísafjörður) og var fasteignamat húsa þar margfaldað með 4. Fasteignamat annarra húsa var margfaldað með 3.
- Í öðru lagi skyldu félög ekki greiða skatt, heldur var hreinum eignum

þeirra skipt niður á eigendur í réttum hlutföllum við hlutafjár- og stofnfjáreign hvers um sig. Eignirnar töldust síðan með öðrum eignum viðkomandi einstaklinga við skattálagningu. Þessi breyting þýddi að einungis hlutafélög og einkafélög greiddu skattinn. Samvinnufélögin sluppu því sem næst.

- Í þriðja lagi var skattstiganum breytt. Fyrstu 300.000 krónurnar voru skattfrjálsar eins og áður. Af eign á bilinu 300.000 kr. til 500.000 kr. var greitt 10 af hundraði, af eign á bilinu 500.000 kr. til milljón var greitt 15 af hundraði. Af eign á bilinu milljón til ein og hálf milljón var greitt 20 af hundraði og af eign umfram eina og hálf milljón var greitt 25 af hundraði. Ríkið tók því fjórðung allra eigna umfram eina og hálf milljón króna.
- Í fjórða lagi skyldu samvinnufélög og hlutafélög einungis greiða skatt af þeirri eign sem taldist ekki með við útreikning á eignum einstaklinga.

Málaferlin hefjast

Samtök atvinnurekenda mótmæltu þessari skattheimtu harðlega. Þeim fannst ekki eðlilegt að ríkið skuldfærði fjórðung eigna nokkurra öflugustu fyrirtækja landsins á einu bretti og ákváðu að láta á það reyna fyrir dómstólum hvort álagning stóreignaskatts stæðist ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Ákveðið var að Guðmundur Guðmundsson í Trésmiðjunni Víði að Laugavegi 166, núverandi húsnæði ríkisskattstjóra, höfðaði prófmálið. Guðmundur í Víði hafði brennandi áhuga á málinu en auk þess endurspeglaði eignasamsetning hans flest það sem Samtök atvinnurekenda vildu fá úr skorið. Trésmiðjan Víðir var hlutafélag, sameignarfélag var um húseignina að Laugavegi 166 en húsið á Víðimelnum var í einkaeign hans. Guðmundur hafði kært álagningu til skattstjórans í Reykjavík, en ekki fengið neina úrlausn þar. Hann kærði málið því til ríkisskattanefndar sem lækkaði skattskylda eign hans um 5.800 krónur og stóreignaskattinn úr 193.577 í 192.417 krónur, þar af voru 47.630 krónur vegna hlutafjáreignar hans í Trésmiðjunni Víði. Þetta þurfti Guðmundur að greiða ofan á alla aðra skatta. Þessu vildi

hann alls ekki una og málið var þingfest fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 19. maí 1952.

Guðmundur lagði áherslu á að samkvæmt 67. grein stjórnarskrárinnar væri eignarrétturinn friðhelgur og enginn verði skyldaður til að láta af hendi eign sína nema almenningsheill krefji. Jafnframt vísaði hann til grundvallarreglu um skattlagningu sem gjarnan er kennd við Adam Smith, en samkvæmt henni eiga skattar að vera jafnir og sanngjarnir og mega ekki ráðast af geðþóttaákvörðunum stjórnvalda. Uppfylli skattar ekki þessi ákvæði, sagði Guðmundur, er ekki um skatt að ræða heldur eignarnám, og vitnaði til þess að lögin mismunuðu mönnum eftir búsetu og fjórðungur eigna færi til ríkisins. Eysteinn Jónsson fjármálaráðherra var ekki sama sinnis. Hann taldi að þótt skatturinn kæmi verr niður á hlutafélögum og hluthöfum þeirra þá væru þeir mun efnaðri en þátttakendur í samvinnufélögum og bæri því að greiða meira. Dómari var sammála Eysteini.

Aðalmálið hjá Guðmundi og atvinnurekendum var það hvernig hreinum eignum hlutafélaganna var skipt niður á eigendur í réttum hlutföllum við hlutfjár- og stofnfjáreign hvers um sig og þeir síðan skattlagðir. Allt hlutaféð í Trésmiðjunni Víði var metið á 60.000 krónur að nafnvirði, þar af var hlutur Guðmundar 52.000 krónur. Við álagningu stóreignaskattsins var þessi liður talinn honum til eignar sem nam krónum 238.154. Guðmundur taldi þetta ekki geta staðist. Trésmiðjan Víðir væri samkvæmt lögum óháður skattaðili sem ætti eignir og gæti tekið á sig skuldbindingar. Hlutaféð veitti honum einungis rétt til áhrifa innan stjórnar félagsins í hlutfalli við eign hans í félaginu. Hér væri því verið að nota skattstofn hlutafélagsins við skattlagningu hluthafans sem væri ótækt. Samkvæmt skattalögum væru þetta tveir sjálfstæðir skattaðilar og bryti það gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Fjármálaráðherra sagði að með lögum um stóreignaskatt hefði eldri ákvæðum skattalaga verið vikið frá og ný ákvæði verið sett. Samkvæmt þeim væru hlutafélög ekki sjálfstæðir skattaðilar vegna greiðslu stóreignaskatts, heldur skyldi skipta eignum hlutafélaganna niður á hina

raunverulegu eigendur þeirra, og reikna síðan stóreignaskattinn af allri eigninni. Yfirvöldum væri slíkt vel heimilt og bryti það á engan hátt gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Dómarinn var sammála fjármálaráðherra og taldi að þegar litið væri á hinar sérstöku ástæður að baki skattlagningunni væri slíkt verðmætamat á hlutabréfum ekki óeðlilegt.

Við álagningu hækkuðu skattfyrirvöld bókfært verð tækja og áhalda hlutafélagsins um 58.701 krónu. Þetta gat Guðmundur í Trésmiðjunni Víði ekki sætt sig við. Samkvæmt lögum um stóreignaskattinn skyldi mat á tækjum og áhöldum fara eftir skattalögum. Í tekju- og eignarskattlögum frá 1935 og reglugerð þar að lútandi sagði að verðlag á lausafé skyldi

Guðmundur lagði áherslu á að samkvæmt 67. grein stjórnarskrárinnar væri eignarrétturinn friðhelgur og enginn verði skyldaður til að láta af hendi eign sína nema almenningsheill krefji

miðað við áætlað söluverð. Um langt skeið hafi framkvæmd tédra laga verið þannig að lausafé væri talið fram til eignar á kaupverði að frádreginni tilskilinni fyrningu sem væri talið jafngilda áætluðu söluverði. Síðast var þetta gert við álagningu eignarskatts árið 1950 án nokkurra athugasemda frá skattfyrirvöldum. Guðmundur krafðist þess að hið bókfærða fé félagsins yrði lagt til grundvallar við ákvörðun eigna þess enda hefði það farið að lögum um fyrningar.

Enginn þekkti betur matarholur skattalaganna en Eysteinn Jónsson fjármálaráðherra. Hann sagði að skattfyrirvöldum væri falið að meta verð á lausafé eftir þeim reglum sem þau settu. Ekkert í skattalögum segði að við álagningu stóreignaskatts yrði að notast við sömu reglur og við álagningu eignarskatts. Þann 20. septemb-

er 1950 hafði fjármálaráðherra sent skattstjóranum í Reykjavík, Halldóri Sigfússyni, bréf um hvernig lausafé skyldi metið til eigna við álagningu stóreignaskatts. Samkvæmt því skyldi miða verðmæti lausafjár við kaupverð að frádreginni leyfðri fyrningu en að viðbætti hækkun samkvæmt ákvæðnum reglum er miðuðust við aldur lausafjárins. Slíkt rúmaðist vel innan skattalaga. Dómarinn var sammála Eysteini og sagði að þótt skattfyrirvöld hefðu notast við aðrar reglur hingað til væri ekki unnt að telja að sú venja hefði breytt skýlausum ákvæðum laganna þess efnis að skattfyrirvöldum væri fullheimilt að beita öðrum reglum við álagningu stóreignaskatts en við álagningu eignarskatts.

Héraðsdómur lækkaði stóreignaskatt Guðmundar Guðmundssonar úr 192.417 krónum í 186.735 krónur. Guðmundur áfrýjaði málinu til Hæstaréttar, sem klofnaði í málinu. Tveir af fimm dómurum skiludu séráliti en meirihlutinn féllst á dóm undirréttar þann 15. október 1952 að svo til öllu leyti. Aðal misræmið á milli meirihluta og minnihluta Hæstaréttar var í verðlagningu hlutabréfanna. Undirréttur taldi að með álagningu stóreignaskattsins hefðu yfirvöld sett nýjar reglur um verðmætismat hlutabréfa, sem skyldi eingöngu notað í þetta eina sinn. Þótt meirihluta Hæstaréttar myndist þetta ákvæði bæði óskýrt og loðið féllst

hann samt á dóm undirréttar um verðmætamat hlutabréfanna. Minnihlutanum fannst hins vegar ótækt að meta hlutabréf á þennan hátt og taldi að þetta gæti leitt til þess að þau væru ofmetin til skatts. Hann vildi því fella úr gildi ákvæði undirréttar um skatt Guðmundar af hlutabréfaeign hans í Trésmiðjunni Víði.

Framhald greinarinnar birtist í næstu Tíund.

Höfundur þakkar Sveini Leifssyni, lögfræðingi fyrir gagnlegar upplýsingar og Davíð Þór Björgvinssyni prófessor fyrir ábendingar um heimildir.



Fjölmenningarsetur á Ísafirði

Ísafjörður er einn af þeim stöðum á landinu þar sem margir útlendingar hafa leitað sér að atvinnu og sest að með fjölskyldur sínar. Þar var sett á stofn Fjölmenningarsetur árið 2001, sem er verkefni á vegum Félagsmálaráðuneytisins. Þar hefur síðan verið haldið úti öflugri starfsemi sem felst í að greiða á sem flestan hátt götu þeirra erlendu ríkisborgara sem flytja hingað til lands til lengri eða skemmri dvalar. Þó Fjölmenningarsetrið sé staðsett á Ísafirði þá veitir það þjónustu um allt land. Starfsemin hefur á að skipa sex starfsmönnum og að auki 1-2 verkefnaáráðnum starfsmönnum. Í stuttu spjalli sem undirrituð átti við þær Barböru Maríu Gunnlaugsson og Hrefnu Ragnheiði



FJÖLMENNINGARSETUR

Magnúsdóttur sögðust þær fá fyrirspurnir um allt mögulegt, bæði héðan og erlendis frá. Þeir sem væru að hugsa um að koma til landsins velti aðallega fyrir sér hvernig þeir eigi að bera sig að við að komast inn í kerfið, hvernig nálgast skuli dvalar- og atvinnuleyfi, kennitölu og svo væri auðvitað mikið spurt um kjaramál, skattamál o.þ.h.

Að því er skattinn varðaði sögðu þær að mest væri spurt um barnabætur og hvernig eigi að bera sig eftir þeim. Einnig um skil á skattframtali og öllu sem því tengdist og það ætti líka við þegar fólk færi frá landinu. Þá þyrfti það að geta gengið að fullu frá sínum skattmálum og fengið endanlegt uppgjör. Eins og þetta væri í dag

væri allur gangur á því hve aðgengilegt þetta væri fyrir fólk. Það færi mikið eftir atvinnurekandanum og hversu duglegur hann væri við að sinna starfsfólki sínu að þessu leyti. Margir væru til fyrirmyndar hvað þetta varðar, en svo væru líka dæmi um að fólk fengi hvorki aðstoð né upplýsingar og þá kæmu oft upp vandamál eftirá. Það sem þegar er búið að gera til að auðvelda erlendum ríkisborgurum framtalsskil, eins og t.d. að hafa framtölin á erlendum málum í einfaldri útgáfu væri mikið til bóta.

Fjölmenningarsetrið hefur mjög aðgengilega og upplýsandi heimasíðu, www.fjolemenningarsetur.is eða www.mcc.is.

HE



Hreinn Sveinsson lætur af störfum sem skattstjóri

Hreinn Sveinsson lét af störfum sem skattstjóri Suðurlandsumdæmis hinn 1. maí 2008. Hreinn varð skattstjóri í Vestfjarðaumdæmi 1. janúar 1973 en hafði áður starfað sem fulltrúi yfirsakadómará frá því að hann lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands. Þegar Hreinn hafði gegnt skattstjóraembætti í 11 ár varð hann skattstjóri í Suðurlandsumdæmi og er hann því einn fárra sem hafa verið skattstjórar í fleiri en einu skattumdæmi. Hreinn var skattstjóri í Suðurlandsumdæmi í nærfellt 24 ár og var því samfleytt skatt-

stjóri í 35 ár. Hreinn gat sér gott orð fyrir mikinn dugnað og elju í starfi, þótti réttisýnn og hófstilltur embættismaður sem vann sín verk af trúmennsku og sanngirni. Skattstjórar, skattrannsóknarstjóri og ríkisskattstjóri ásamt nokkrum öðrum samstarfsmönnum kvöddu Hrein 16. maí sl. eftir langt og farsælt samstarf. Á myndinni sést Gestur Steinþórsson skattstjóri í Reykjavík og formaður Skattstjórafélags Íslands afhenda Hreini kveðjugjöf.

SEP

Grípa þarf fyrir til úrræða

Óli M. Lúðvíksson skrifstofustjóri hjá sýslumanninum á Ísafirði



Óli M. Lúðvíksson hefur séð um innheimtu fyrir sýslumannsembættið á Ísafirði síðastliðin 22 ár. Undirrituð átti nýlega stutt spjall við hann um áætlanir opinberra gjalda, en það er vandamál sem bæði skattyfirvöld og innheimtuaðilar glíma við. Óli sagði að þetta hefði verið vandamál þegar hann tók við þessu starfi fyrst.

„Þetta hefur farið stöðugt versnandi og nú er svo komið að það er að verða aðalstarf okkar sem störfum við innheimtu að innheimta gjöld sem eru byggð á áætluðum gjaldstofnum. Alltof margir komast upp með að skila engu, fá á sig áætlanir sem aldrei eru greiddar og þegar allt er komið í þrot þá er einfaldlega stofnað nýtt fyrirtæki á nýrri kennitölu. Það er líka alltaf eitthvað um að menn skrái sig á virðisaukaskattsskrá en hefja svo ekki rekstur. Þeir fá auðvitað á sig áætlanir og enn er það mál innheimtunnar að eltast við vonlausar kröfur. Þarna er ákveðið úrræða-

leysi ríkjandi. Að mínu mati á að gera ríkari kröfur til þeirra sem fá virðisaukaskattsnúmer. Því mætti fylgja meiri ábyrgð. Eins og þetta er í dag þá virðist hver sem er geta hafið rekstur og fengið virðisaukaskattsnúmer. Þá vaknar spurning um hvort ekki þurfi að setja þarna strangari skilyrði. Ég tel að ein leið til að bæta skilin sé að auka samtímaeftirlit þannig að hægt sé að bregðast fyrir við þegar í ljós kemur að hlutirnir eru ekki í lagi. Þannig má spara mikla vinnu og ómældan kostnað. Þá tel ég að það megi grípa til afgerandi úrræða fyrir en nú er gert. Til dæmis þegar einhver skilar ekki virðisaukaskattsskýrslu í þrígang, þá væri gott að skattstofur og innheimtumenn hefðu úrræði til að loka númeri. Oftast er enginn rekstur í gangi og því engu að loka. Með bættu samstarfi mætti ná mun betri árangri.“

HE

Úrskurðir



**Bragi Freyr
Kristbjörnsson**

70/2008

Opinber gjöld – staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts – innlausn peningabréfa

Kærandi keypti hlutdeildarskírteini fyrir 1.150 evrur í fjárfestingasjóði sem skráður er í evrum og innlesti bréfin sín nokkrum dögum síðar fyrir 1.147,98 evrur. Vegna gengisbreytinga á umræddu tímabili, þ.e. lækkunar á gengi íslensku krónunnar gagnvart evru, var kæranda reiknaður gengishagnaður af viðskiptunum að fjárhæð kr. 630 og frá þeirri fjárhæð var dregin staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts kr. 63.

Í niðurstöðu yfirsattanefndar kemur fram að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1996, fellur gengishagnaður utan staðgreiðsluskyldu, en slíkar tekjur skuli skattlagðar við álagningu opinberra gjalda að tekjuári liðnu. Eins og fram kom varð tap af viðskiptum kæranda með hlutdeildarskírteininum (í evrum) og var því ekki um að ræða neina gengishækkun við innlausn bréfanna sem leiðir til afdráttarskyldu, sbr. 4. tl. 1. mgr. 4. gr. og 2. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1996, líkt og skattstjóri taldi. Sú aðferð sem skattstjóri notaði til að ákvarða hugsanlegan gengishagnað kæranda laut frekar að 4. tl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Slíkur gengishagnaður væri ekki afdráttarskyldur samkvæmt lögum 94/1996. Af þeim sökum var fallist á kröfu kæranda um ógildinguna á úrskurði skattstjóra.

83/2008

Opinber gjöld – leigukvóti – tímabil gjaldfærslu/eignfærslu – almanaksár/fiskveiðiár – rekstrarkostnaður

Ágreiningsefni þessa máls varðar skattalega meðferð leigðs aflamarks í skattskilum kæranda gjaldárin 2001-2005. Niðurstaða skattstjóra í hinum kærða úrskurði var sú að kæranda hefði verið óheimilt að gjaldfæra kostnað vegna leigu á aflamarki að öllu leyti á því ári sem leigan átti sér stað, heldur hefði borið að eignfæra kostnað vegna þess hluta hins leigða aflamarks sem ónýttur var við áramót. Byggði skattstjóri breytingar sínar á gjaldfærslum og eignfærslum í skattskilum kæranda á því hversu mikill hluti keypts aflamarks á tímabilinu 1. september til 31. desember viðkomandi rekstrarár hefði verið óveiddur í hendi kæranda um hver áramót.

Af hálfu kæranda var farið fram á það að úrskurður skattstjóra yrði felldur úr gildi, en sú krafa var byggð á því að kæranda hefði ekki notið andmælaréttar, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Kæranda byggði kröfu sína á því að bréf ríkisskattstjóra, dags. 4. júlí 1990, hefði fyrst komið fram í úrskurði skattstjóra og hann hefði því ekki haft möguleika á því að koma að andmælum. Í bréfinu er m.a. fjallað um kaup á tímabundnum veiðheimildum er í raun væri leiga á veiðréttindum, eins og í tilviki kæranda. Ekki var fallist á þessa kröfu kæranda.

Yfirsattanefnd komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn málsmeðferðarreglum. Þá er í úrskurðinum m.a. vísað til álits Félags löggiltra endurskoðenda frá 26. ágúst 1991, um bókun kvóta í reikningsskilum. Í álitinu fram að gjaldfæra skuli kaupverð kvóta sem keyptur er til eins árs að fullu á því reikningstímabili sem hann tilheyrir. Kvóta sem keyptur sé síðla árs og er einnig ætlaður til

nota á veiðitímabili eftir áramót, verður að færa hlutfallslega til gjalda á tvö reikningstímabil. Með vísan til 1. mgr. 14. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, og álits Félags löggiltra endurskoðenda, var ekki fallist á það með umboðsmanni kæranda að kæranda hefði verið heimilt að gjaldfæra aflamarkið að öllu leyti án tillits til nýtingar.

Með þessum úrskurði er staðfest sú aðferð að gjaldfæra kostnað vegna keypts aflamarks hlutfallslega eftir mánuðum á tvö reikningstímabil (rekstrarár) í samræmi við það sem telja beri góða reikningskilavenju, en þó þannig að ef nýting aflamarks hefur verið meiri á fyrra árinu þá beri að taka tillit til þess.

98/2008

Opinber gjöld – vaxtalaus lán frá börnum – málamyndageringur. Málsmeðferðarreglur – málshraði – rannsóknarregla – lögmatísregla

Í máli þessu er deilt um þá ákvörðun skattstjóra að tekjufæra hjá kærendum vaxtalaus lán frá börnum þeirra. Ákvörðun skattstjóra var byggð á þeirri skoðun hans að um örlætisgerning væri að ræða, þar sem engir vextir voru reiknaðir af lánveitingum barnanna. Því bæri að tekjufæra ávinning kæranda sem skattskyldar gjafir. Kærundur báru því við að um gagnkvæman fjölskyldustuðning væri að ræða og að lánveitingin kæmi á móti upphaldi innan heimilis.

Að mati yfirsattanefndar sá skattstjóri ekki til þess að málið væri nægjanlega upplýst með vísan til rannsóknarreglu stjórnisýslulaga, en kanna hefði þurft með skýrari hætti hvaða ráðagerðir hefðu verið uppi um vaxtareikning af lánunum í stað þess að gefa sér það að þau væru vaxtalaus. Auk þess þótti nefndinni tilefni til að

kanna að hvaða marki framfærsla kæmi á móti vaxtagreiðslum. Einnig var fallist á það með umboðsmanni kæranda að þær skattmatsreglur sem skattstjóri notaði við útreikning á fjárhagslegum ávinningi kæranda af láninu væru iðulega bundnar við vinnusamband, en þó var ekki loku fyrir það skotið að hægt væri að styðjast við skattmatsreglurnar í tilteknum málum. Að þessu leyti var ákvörðun skattstjóra andstæð lögmætisreglu. Hinar kærðu breytingar skattstjóra voru því ómerktar.

102/2008

Opinber gjöld – atvinnurekstur – sala íbúðarhúsnæðis.

Málsmeðferð - rannsóknarregla - rökstuðningur - ómerking

Í máli þessu er deilt um þá ákvörðun skattstjóra að færa kæranda til tekna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skv.

B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sölu á íbúðarhúsnæði, þar sem skattstjóri taldi að fasteignaviðskipti kæranda væru tíðari en almennt gerðist. Í skattskilum sínum hafði kærandi miðað við að fasteignaviðskipti hans féllu ekki undir atvinnurekstur og færði söluhagnað af íbúð sem hann seldi til lækkunar á stofnverði annarar fasteignar. Í bréfi skattstjóra til kæranda, rakti skattstjóri viðskipti kæranda með fasteignir á árunum 2003-2006 og greindi frá því viðhorfi sínu að með tilliti til umfangs viðskiptanna og skamms eignarhaldstíma yrði að líta svo á að um atvinnurekstur væri að ræða, en færði kæranda aðeins til tekna söluhagnað af einum viðskiptum. Að mati yfirskattanefndar einblíndi skattstjóri í kæruúrskurði sínum um of á sölu kæranda á þessari tilteknu eign, með sérstakri véfengingu á því að sú sala félli undir 17. gr. laga

nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með því að taka ekki tillit til allra fasteignaviðskipta kæranda hefði skattstjóri ekki tekist að leysa heildstætt úr málinu, og því taldi yfirskattanefnd að skattstjóri hefði ekki séð til þess að málið væri nægjanlega upplýst skv. rannsóknarreglu 10. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993, auk þess sem rökstuðningi skattstjóra hefði verið áfátt, sbr. 1. og 2. mgr. 22. gr. sömu laga. Úrskurður skattstjóra var af þeim sökum ómerktur.

Ekki er hægt að víkja frá kröfum um málsmeðferð að því er varðar rannsókn og rökstuðning þótt um kæruframtöl sé að ræða. Ekki hafði verið krafist leiðréttinga á framtalsgerð kæranda í samræmi við sjónarmið skattstjóra. Málið var því ekki fullklárað og í takt af hálfu skattstjóra.

Fundur ríkisskattstjóra á Norðurlöndunum

Dagana 24. – 26. júní sl. var haldinn fundur ríkisskattstjóra Norðurlandanna. Um er að ræða árlegan fund sem löndin skiptast á um að halda. Fundir þessir eiga sér langa sögu og hafa verið haldnir árlega um langt skeið. Að þessu sinni var fundurinn haldinn í Svíþjóð, nánar tiltekið á Suður Skáni. Fundinn sóttu fulltrúar allra Norðurlandanna, samtals 22 að tölu. Af Íslands hálfu sóttu fundinn Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri, Ingvar J. Rögnvaldsson, vararíkisskattstjóri og Jens Þór Svansson, forstöðumaður.

Á fundinum gerði hvert land grein fyrir stefnu og áherslum auk nýjunga og breytinga sem orðið hafa á síðastliðnu ári. Sammerkt með löndunum öllum er að mikil áhersla er á einföldun opinberrar stjórnsýslu. Ole Kjær, ríkisskattstjóri í Danmörku, greindi frá því að skil á hefðbundnu skattframtali heyrðu nú sögunni til hjá langflestum einstaklingum utan rekstrar. Þá vakti athygli fundarmanna hversu góðum árangri RSK náði í könnun SFR um „Stofnun ársins 2008“ en í könnuninni lenti RSK í fyrsta sæti stærri stofnana. Rætt var um skýrslur starfshópa sem starfað hafa að ýmsum verkefnum fyrir ríkisskattstjórana en margir þeirra hafa nú lokið



Á myndinni má sjá sænsku gestgjafana, þau Mats Sjöstrand, Katrin Westling Palm og Vilhelm Andersson

störfum. Fjallað var um helstu áherslur í skattfrankvæmd og hvernig samvinna landanna yrði sem árangursríkust. Skatteftirlit, framkvæmd þess og árangursmælingar eftirlitsaðgerða voru töluvert til umræðu. Einnig var fjallað um mælingar á vöndun skatttekna af völdum skattundandrátta og aðgerðir til að koma í veg fyrir skattundandrätt. Þá var rætt um þýðingu upplýsingaskipta milli landanna, alþjóðlegt samstarf að öðru leyti og möguleika á sjálfvirkri, rafrænni afgreiðslu stjórnsýsluerinda.

JPS

Fyrning skattalagabrota



**Ásmunda B.
Baldursdóttir**

Samkvæmt 262. gr. almennra hegningarlaga þá varðar meiri háttar skattalagabrot fangelsi allt að sex árum. Verknaður samkvæmt framangreindri grein telst meiri háttar ef brot varðar verulegar fjárhæðir, verknaður er framinn með sérstaklega víta-verðum hætti eða þegar aðstæður sem auka mjög sagnæmi brotsins eru til staðar, svo og ef maður, sem til refsingar skal dæma fyrir eitthvert þeirra brota sem um getur í 1. eða 2. mgr. greinarinnar hefur áður verið dæmdur sekur fyrir sams konar brot eða eitthvert annað brot sem undir

Í þessari grein verður fjallað um fyrningu skattalagabrota¹ þar sem tveir nýlegir hæstaréttardómar hafa kveðið á um tíu ára fyrningarfrest. Almennt hafði verið talið að sök skattalagabrota fyrndist á sex árum samkvæmt skattalögum, þó svo að brotið hafi verið talið meiri háttar í skilningi almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

þau ákvæði fellur. Hvert framangreindra atriða nægir til þess að byggja megi sakfellingu á.

Með lögum nr. 39/1995 um breytingu á almennum hegningarlögum, var 262. gr. laganna breytt. Markmið breytinganna var að herða viðurlög við skatta- og bókhaldsbrotum. Tilgangur breytinganna var tvíþættur, annars vegar að auka varnaðaráhrif refsíákvæðanna með því að leggja refsingu við hinum alvarlegri skattsvika- og bókhaldsbrotum í hegningarlögum og hins vegar var stefnt að þyngri refsiviður-

lögum í framkvæmd með því að herða og binda neðra refsimerkið þegar tiltekna aðstæður væru fyrir hendi. Talið var að dómur fyrir hegningarlagabrot hefði almennu meiri varnaðaráhrif heldur en dómur fyrir sérrefsilagabrot. Í frumvarpi með framangreindum breytingalögum er ekki fjallað um fyrningu sérstaklega.² Sök skv. 109. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins, enda verði ekki óeðli- legar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun

refsingar, sbr. 8. mgr. 110. gr. laganna. Fram kom í frumvarpi með lögum nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, að ekki væri talið stætt á því að sekta fyrir brot lengra aftur í tímann en sex ár þótt skattaðili hefði árlega brotið af sér með framtali sínu í lengri tíma.³

Sök skv. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins⁴ eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra, gegn skattaðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

Þá fyrnist sök samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga á tíu árum þegar ekki liggur þyngrri refsing við broti en tíu ára fangelsi. Samkvæmt athugasemdum með lögum nr. 20/1981, um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, er ákvæði 81. gr. laganna ætlað að taka til allra brota nema sérlög kveði á um annað, **en þá ganga ákvæði sérlaga framur ákvæði almennra hegningarlaga. Þetta var einnig talið gilda um þau sérrefsilagaákvæði sem voru fyrir í lögum, þau héldu því gildi sínu og var ákvæði almennra hegningarlaga ætlað að þoka fyrir þeim.**⁵

Dómaframkvæmd

Fjölmarginir héraðsdómar hafa fallið þar sem talið var að brot gegn skattalögum fyrndist á sex árum og má þar nefna t.d. héraðsdóm nr. S-2830/1999⁶, þar sem talið var að sérregla laga um tekju- og eignarskatt sem kvað á um sex ára fyrningarfrest gengi framur hinu almenna ákvæði 2. mgr. 81. gr. alm. hgl., þótt brot ákærða væri heimfært undir 262. gr. alm. hgl. Í þessum dómi eru breytingarlög nr. 39/1995 gerð að umfjöllunarefni og tekið fram að hvergi komi fram í greinargerð með þeim að rétt þyki að lengja fyrningarfrest skattalagabrota. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 111/2003, var sakfelld fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt og lögum um tekju- og eignarskatt. Ákærði taldi að brot sín væru fyrnd, þar sem óeðlilegar tafir hefðu verið á rannsókn málsins og meðferð þess. Svo var ekki talið vera, en

tekið fram að sök samkvæmt 109. gr. tekjuskattslaga og 41. gr. virðisaukaskattslaga fyrnist á sex árum. Reyndi ekki á túlkun ákvæðis hegningarlaga um fyrningu.

Þann 29. nóvember 2007 féll dómur Hæstaréttar í máli nr. 391/2007. Þar var sakfelld fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Brot ákærða voru framin samfelld á tímabilinu frá upphafi árs 2000 til september 2001 og voru þau talin vera samkynja og eðlislík. Þá töldust þau vera stórfelld og voru heimfærð undir 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði taldi að brot sín væru fyrnd en ákærvaldið bar við 3. tl. 1. mgr. 81. gr. hegningarlaga. Hæstiréttur telur þar að fyrningareglur almennra hegningarlaga gangi framur sérreglum skattalaga.

Af nýlegum dómum má ráða að ákvæði sérlaga um fyrningu skattalagabrota eru látin þoka fyrir ákvæðum almennra hegningarlaga. Þar með hefur áralangri dómaframkvæmd verið breytt

Þá féll héraðsdómur þann 19. desember 2007⁷ sem kveður á um tíu ára fyrningu. Með hæstaréttardómi nr. 132/2007, frá 10. apríl 2008, var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um bókhald. Brot ákærða voru framin samfelld á tímabilinu frá upphafi árs 1999 til loka árs 2000, þau voru talin vera samkynja og eðlislík. Þá töldust brot ákærða í heild sinni vera stórfelld. Ákærði taldi að brot sín væru fyrnd en Hæstiréttur taldi að þar sem brot ákærða væru heimfærð undir 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 væri fyrningarfrestur tíu ár, sbr. 3. tl. 1. mgr. 81. gr. laganna en ekki sex ár, sbr. 8. mgr. 110. gr. laga nr. 90/2003.

Skylda til varðveislu bókhaldsgagna

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald, eiga bókhaldsskyldir aðilar að varðveita bókhaldsgögn og fylgiskjöl á tryggan og öruggan hátt í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Ársreikninga ber þó að varðveita í 25 ár, sbr. 4. mgr. 20. gr. laganna. Vekur það athygli að meiri háttar skattalagabrot sem heimfærð verða undir almenn hegningarlög fyrnist á tíu árum, þegar aðila er ekki skylt að varðveita bókhaldsgögn og fylgiskjöl þeirra nema í sjö ár. Þar af leiðandi er ljóst að ef fyrning meiri háttar skattalagabrota er tíu ár og sök í refsímáli gegn bókhaldsskyldum aðila grundvallast á því, þá getur sú aðstaða komið upp að aðili hafi ekki lengur bókhald vegna alls tímabilsins undir höndum þar sem honum ber ekki lagaleg skylda til að varðveita það í svo langan tíma.

Niðurlag

Í greininni hef ég reynt að varpa ljósi á fyrningu meiri háttar skattalagabrota. Af nýlegum dómum má ráða að ákvæði sérlaga um fyrningu skattalagabrota eru látin þoka fyrir ákvæðum almennra hegningarlaga. Þar með hefur áralangri dómaframkvæmd verið breytt. Meiri háttar brot sem almennt voru talin fyrnist á sex árum skv. sérákvæðum skattalaga, fyrnist nú á tíu árum skv. almennum hegningarlögum.

1 Brot gegn lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

2 Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. Slóð: <http://www.althingi.is/alttext/118/s/0480.html>

3 Frumvarp til laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt. Alþingistíðindi. 99. löggjafarþing. 1977-78. þskj. 600. 282. mál. Um 108. gr.

4 Nú ríkislögreglustjóri.

5 Frumvarp til laga nr. 20/1981, um breytingu á almennum hegningarlögum. Slóð: <http://www.althingi.is/alttext/103/s/pdf/0004.pdf>

6 Einnig má nefna dóma nr. S-3090/1999, S-703/2000, S-2245/2000, S-2246/2000, S-1700/2002, S-1129/2006 og S-1994/2006.

7 Héraðsdómur nr. S-1734/2006

Ný útgáfa af rsk.is



Á myndinni eru talið frá vinstri: Magnús Örn Gylfason, Einar Valur Kristinsson, Jóhannes Jónsson og Logi Halldórsson

Ný útgáfa upplýsingavefs ríkisskattstjóra var tekin í notkun 16. maí sl. og er hún nokkuð frábrugðin eldri útgáfu. Vefurinn hefur vaxið verulega að umfangi undanfarin ár og hefur notkun aukist í samræmi við það. Á síðustu fimm árum hefur fjöldi heimsóknaríflaga þrefaldast og var tæplega 1.800 þúsund á síðasta ári. Breytingin nú er ekki síst gerð í þeim tilgangi að gera notendum auðveldara að nálgast það efni sem leitað er að, þ.e. gera vefinn notendavænni.

Meginbreytingin er að efni er nú skipt eftir markhópum. Það þýðir að efnið er flokkað eftir því hvort það á við einstaklinga, rekstur/félög eða fagaðila, auk þess sem allt sem snýr að fyrirtækjaskrá er á sérstöku svæði. Við hönnun á nýrri útgáfu af rsk.is var tekið mið af því að vefurinn standist kröfur um aðgengi fyrir fatlaða.

Hver markhópur hefur sína forsíðu þar sem dregið er fram það sem máli skiptir hverju sinni fyrir þann hóp. Forsíður fyrir einstaklinga, rekstur/félög og fagaðila

innihalda m.a. yfirlit yfir nýjustu fréttir og tilkynningar frá ríkisskattstjóra. Þar eru birtir næstu viðburðir, tenglar á síður sem oftast er spurt um og annað sem talið er vert að koma sérstaklega á framfæri. Á forsíðu fyrirtækjaskrár er hægt að leita bæði í fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá ríkisskattstjóra, svo fátt eitt sé nefnt.

Með þessari nýju framsetningu næst jafnframt mikil einföldun á leiðakerfi vefsins þar sem eingöngu eru birtar upplýsingar sem eiga við um tiltekinn markhóp eins og áður sagði. Til að mynda eru eingöngu birt þau eyðublöð er varða einstaklinga þegar sá markhópur er valinn. Það þýðir að

slíka valmynd eru t.d. um reiknað endurgjald, virðisaukaskatt, staðgreiðslu, barnabætur, vaxtabætur, ákvarðandi bréf, auglýsingar, einkahlutafélög og helstu tölur.


Til frekari einföldunar fyrir notendur er nú að finna svokallaða „brauðmola“ efst á hverri síðu sem auðveldar notendum að sjá hvar þeir eru staddir á vefnum hverju sinni. Neðst á hverri síðu er að finna tengla á heildaryfirlit eyðublaða og orðsendinga, þ.e. óháð markhópum, auk tengla á skattalagasafn RSK og upplýsinga um önnur skattyfirvöld.

Tæknilega hefur vefurinn einnig verið endurhannaður frá grunni og mun allt viðhald verða mun einfaldara. Í framhaldinu verður unnið að því að koma skattalagasafni RSK (rsk.is/skattalagasafn) í nýjan búning.

Þeir starfsmenn ríkisskattstjóra sem komu að vinnu við nýja útgáfu vefsins eru Magnús Örn Gylfason, sem sá um tæknilega hönnun og framleiðslustjórn, Einar Valur Kristinsson, sem sá um rekstrarumsjón og innfærslu efnis, Logi Halldórsson, sem sá um útlitshönnun og Jóhannes Jónsson sem hafði umsjón með verkinu og sá um ritstjórn.

Tæknilegur vefstjóri er Magnús Örn Gylfason og ritstjóri efnis er Jóhannes Jónsson.

JJ



ekki eru birt þau 250 eyðublöð sem eiga við um rekstur/félög. Síðum sem innihalda mikið efni, er kaflaskipt og/eða innihalda upplýsingar um fyrri ár, hefur verið skipt upp með valmynd á síðunni sjálfri. Því er hægt að flakka með einföldum hætti á milli kafla og ára innan tiltekins efnis eftir því sem við á. Síður sem hafa

Álagning 2008

Helstu niðurstöður



Páll Kolbeins

Almennt má segja að niðurstöður álagningar nú séu mjög í anda þess sem verið hefur undanfarin ár.

Tekjur og eignir aukast gríðarlega mikið milli ára samfara mikilli aukningu skulda. Frá árinu 1991 hefur vöxtur tekna aldrei verið hraðari né meiri á milli ára.

Fjármagnstekjur um fjórðungur skattskyldra tekna

Skattskyldar tekjur hækkuðu samtals um 175,1 milljarð frá fyrra ári, eða 21,4%, saman borið við 16,4% í fyrra. Þær voru nú rúmir 992,2 milljarðar. Þar af voru fjármagnstekjur 244,2 milljarðar eða 24,6% skattskyldra tekna, saman borið við 19,5% í fyrra.

Tæpur helmingur tekjuaukningarinnar, eða 48,3%, er vegna fjármagnstekna. Þó að þetta sé hærra hlutfall en sést hefur hingað til þá voru um 45% tekjuaukningarinnar 2004 og 2006 vegna fjármagnstekna.

Sérstaka athygli vekur gríðarlega mikil hækking söluhagnaðar en söluhagnaður hækkaði um 67,8 milljarða frá því í fyrra, eða 81,2%.

Fjármagnstekjur, sem hækkað hafa gríðarlega mikið síðasta áratug, hækkuðu nú um 84,6 milljarða, eða 53% á milli ára. Landsmenn töldu nú fram 151,3 milljarða í söluhagnað sem er 81,2% hækking frá því í fyrra. Söluhagnaður hlutabréfa hækkar um 85,9%, eða 65,8 milljarða. Í ljósi væringa á verðbréfamörkuðum og stórrar sölu þegar Novator keypti Actavis

Opinber gjöld einstaklinga 2005 til 2008

(í milljónum króna)	Upphæðir		Breytingar '07-'08				Fjöldi		Breytingar '07-'08			
	2005	2006	2007	2008	Milljónir	%	2005	2006	2007	2008	Fjöldi	%
Almennur tekjuskattur	67.125	72.608	81.889	86.372	4.484	5,5%	157.687	163.450	175.399	178.270	2.871	1,6%
Sérstakur tekjuskattur	1.411	1.023	-	-	-	*	17.456	23.931	-	-	-	*
Fjármagnstekjuskattur	7.583	12.198	16.334	25.255	8.921	54,6%	77.080	84.680	93.078	98.738	5.660	6,1%
Tekjuskattar til ríkissjóðs alls	76.120	85.830	98.222	111.627	13.404	13,6%	*	*	*	*	*	*
Útsvar	69.048	77.707	87.308	101.944	14.636	16,8%	226.896	234.171	244.883	255.777	10.894	4,4%
Tekjuskattar alls	145.167	163.536	185.530	213.571	28.041	15,1%	*	*	*	*	*	*
Almennur eignarskattur	2.834	-	-	-	-	*	75.588	-	-	-	*	*
Sérstakur eignarskattur	-	-	-	-	-	*	-	-	-	-	*	*
Eignarskattar alls	2.834	-	-	-	-	*	*	*	*	*	*	*
Gjald í framkvj. aldr.	951	1.037	1.144	1.318	173	15,2%	165.704	170.642	181.259	185.532	4.273	2,4%
Önnur gjöld**	353	378	264	270	5	2,0%	*	*	*	*	*	*
Tryggingagjald	1.364	1.627	1.557	1.501	-56	-3,6%	19.856	22.109	19.945	19.418	-527	-2,6%
Samtals gjöld á einstaklinga	150.669	166.578	188.496	216.659	28.164	14,9%	*	*	*	*	*	*
-bætur sbr. neðangreint	10.210	10.483	12.728	15.457	2.729	21,4%	*	*	*	*	*	*
Samtals gjöld - bætur	140.459	156.095	175.767	201.202	25.435	14,5%	*	*	*	*	*	*
Bætur:**												
Barnabætur	5.035	5.993	7.438	8.383	944	12,7%	53.871	55.481	63.691	66.542	2.851	4,5%
Vaxtabætur	5.174	4.490	5.290	6.653	1.363	25,8%	53.983	43.902	49.687	58.259	8.572	17,3%
Uppbót á eftirlaun	-	-	-	421	-	*	-	-	-	3.529	3.529	*
Samtals bætur	10.210	10.483	12.728	15.457	2.729	21,4%	*	*	*	*	*	*
Skattaávilnanir:												
Sjómannaafsláttur, dagar, þús	1.698	1.555	1.412	1.343	-69	-4,9%	*	*	*	*	*	*
Sjómannaafsláttur	1.256	1.185	1.102	1.109	7	0,7%	7.059	6.743	6.255	5.997	-258	-4,1%
Frádráttur v. fjárfestingar í hlutabr.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Fjöldi á grunnskrá							234.437	241.344	253.911	264.766	10.855	4,3%

*Önnur gjöld eru slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, iðnaðarmálagjald og búnaðargjald.

**Við álagningu opinberra gjalda 2002 var framtjendum sem ekki skiluðu framtali ekki áætlaðar barnabætur og hefur sá háttur verið hafður á síðan

Skattskyldar tekjur einstaklinga

Framtöl einstaklinga 2005 til 2008

(Í milljónum króna)	Skattskyldar tekjur						Fjöldi framteljenda með tekjur					
	2005	2006	2007	2008	Millj. kr.	%	2005	2006	2007	2008	Fjöldi	%
Laun, hlunnindi, lífeyrir o.fl.:												
Laun, starfst.gr. o.fl.	417.734	471.962	535.397	609.338	73.941	13,8%	163.592	167.240	171.247	176.414	5.167	3,0%
Bífreiðahlunnindi	-	2.836	3.219	3.875	656	20,4%	-	5.043	5.528	6.095	567	10,3%
Önnur hlunnindi	-	2.683	2.066	6.749	4.683	226,6%	-	14.917	15.262	14.443	-819	-5,4%
Ökutækjastyrkur	5.845	6.323	7.033	7.459	426	6,1%	33.253	34.776	36.507	37.700	1.193	3,3%
Dagpeningar	5.771	6.184	7.110	7.034	-76	-1,1%	23.667	25.376	27.003	28.703	1.700	6,3%
Reiknað endurgjald	15.054	15.127	15.777	16.551	775	4,9%	17.750	17.188	16.751	16.527	-224	-1,3%
Greiðslur frá Tryggingastofnun	30.461	31.948	34.145	38.695	4.550	13,3%	46.636	46.866	47.324	47.580	256	0,5%
Greiðslur úr lífeyrissjóðum	30.361	34.150	39.688	46.280	6.592	16,6%	39.511	40.596	41.500	42.728	1.228	3,0%
Aðrar tekjur	3.552	3.481	4.565	6.068	1.503	32,9%	29.997	34.745	36.664	37.083	419	1,1%
Husaleigubætur, aðstoð og styrkir	1.016	971	1.024	980	-44	-4,3%	4.022	3.413	3.478	3.090	-388	-11,2%
Atvinnuleysisbætur	3.458	2.417	1.825	1.745	-80	-4,4%	11.380	8.363	5.809	4.560	-1.249	-21,5%
Styrkir vegna náms og vísindstarfa o.fl.	858	946	1.090	1.264	174	16,0%	15.454	16.630	18.179	18.694	515	2,8%
Tekjur erlendis frá	122	141	224	228	4	1,7%	103	150	177	204	27	15,3%
Bakfærður frádráttur v/hlutabréfakaupa	19	17	2	2	0	10,1%	150	55	18	1	-17	-94,4%
Samtals:	514.251	573.668	647.879	735.645	87.765	13,5%	204.738	208.805	213.685	218.666	4.981	2,3%
Hreinar tekjur af atvinnurekstri	5.637	6.335	7.064	7.648	584	8,3%	13.171	13.415	13.243	12.927	-316	-2,4%
Áætlun												
Áætlaður tekjuskattstofn viðbót	39.088	39.061	44.630	51.625	6.994	15,7%	13.586	13.626	14.490	16.231	1.741	12,0%
Áætlað álag á tekjuskattstofn	3.145	2.924	3.253	3.526	274	8,4%	12.708	12.634	14.443	16.206	1.763	12,2%
Samtals:	42.232	41.986	47.883	55.151	7.268	15,2%	13.587	13.637	14.499	16.233	1.734	12,0%
Frádráttur frá launum o.fl.												
Kostnaður á móti ökutækjastyrk	3.669	3.953	4.239	4.669	430	10,1%	27.996	29.115	30.641	32.004	1.363	4,4%
Frádráttur vegna dagpeninga	5.483	5.684	6.390	6.399	8	0,1%	21.504	22.599	23.459	24.740	1.281	5,5%
Frádrægið iðgjald í lífeyrissjóð	16.535	18.562	21.306	24.054	2.748	12,9%	166.060	170.010	173.687	178.101	4.414	2,5%
Frádrægið iðgjald í lífeyrissjóð, 4%	7.626	9.521	11.189	12.941	1.751	15,7%	83.400	94.752	98.995	102.847	3.852	3,9%
Fjárfesting í atvinnurekstri	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Frádráttur vegna náms og vísindastyrkja	566	622	700	800	100	14,4%	10.553	10.981	11.552	11.835	283	2,4%
Frádráttur vegna annarra styrkja	311	301	409	484	75	18,3%	6.926	5.503	4.849	5.355	506	10,4%
Samtals:	34.190	38.643	44.233	49.630	5.396	12,2%	167.138	170.915	174.723	179.232	4.509	2,6%
Lækkun skv. 66. gr.	1.112	1.078	1.079	1.122	44	4,1%	10.875	10.144	9.346	8.763	-583	-6,2%
Tekjuskatts- og útsvarstofn	526.822	582.278	657.519	747.986	90.467	13,8%	218.364	222.486	228.191	234.927	6.736	3,0%
Neikvæður	3	10	1	8	7	560,4%	22	25	28	36	8	28,6%
Fjármagnstekjur	74.597	119.980	159.645	244.246	84.601	53,0%	77.080	84.680	93.078	98.738	5.660	6,1%
Skattskyldar tekjur samtals	601.419	702.258	817.164	992.232	175.068	21,4%						
Fjöldi framteljenda á grunnskrá							234.437	241.344	253.911	264.766	10.855	4,3%

mátti búast við því að söluhagnaður yrði mikill á árinu. Aðrar fjármagnstekjur aukast einnig mikið. Arður af hlutabréfum hækkaði um 17,4% á milli ára. Hann var nú tæpir 44 milljarðar, 6,5 milljörðum hærri en í fyrra. Vextir af innstæðum í bönkum hækkuðu um tæpa sjö milljarða, eða 36,6%. Þeir voru nú tæpir 25 milljarðar. Leigutekjur hækkuðu um 23,2% á milli ára, og voru nú 818 milljónir.

Laun og hlunnindi ekki hækkað meira í áratug

Laun, hlunnindi og lífeyrir hækkuðu nú um 87,8 milljarða, eða 13,5%, samanborið við 12,9% hækkun í fyrra og hafa ekki hækkað svona mikið á milli ára frá 1991. Launa og starfstengdar greiðslur hækkuðu um 73,9 milljarða, eða 13,8%. Hér er um að ræða meiri hækkun en sést hefur frá árinu 1991 en aðgengileg gögn ná ekki

langra aftur. Laun og hlunnindi eru nú 609,3 milljarðar. Nú töldu 176.414 framteljendur fram laun, þremur prósentum fleiri en í fyrra, sem er aftur meiri fjölgun á milli ára en sést hefur frá árinu 1991. Mikil hækkun launa og hlunninda kemur ekki á óvart þegar skattskyldar greiðslur í staðgreiðslu eru hafðar til hliðsjónar. Þær voru 15,4% hærri árið 2007 en árið á undan og hafa aldrei, allt frá því að stað-

greiðsla var tekin upp árið 1988, hækkað þetta mikið milli ára.

Tekjuskatts- og útsvarstofn skv. skattframtölum hækkar um 90,5 milljarða og er 13,8% hærri en í fyrra. Hann er nú tæpir 748 milljarðar og hefur ekki hækkað jafn mikið frá árinu 1999 en þá hækkaði tekjuskattstofn um 13,9% á milli ára. Hér er rétt að geta þess að skattar fleiri framteljenda eru nú reiknaðir af starfsmönnum skattstofa vegna sérstakra aðstæðna viðkomandi gjaldenda, en ekki í álagningarferfi ríkisskattstjóra. Skattstofnar þessara gjaldenda eru ýmist ekki til eða ekki sambærilegir við skattstofna annarra framteljenda og því er sérstakri reikni-reglu beitt við útreikning á gjöldum þeirra. Tekjur þessara framteljenda eru því ekki taldar með í yfirlitum um tekjur en gjöld sem lögð eru á þá eru þó talin með í yfirlitinu um álögð gjöld.

Prátt fyrir að meðalútsvar í staðgreiðslu væri óbreytt hækkaði álagt útsvar um 16,8% sem gefur vísbendingu um raunverulega hækkingu útsvarstofns. Önnur eins hækkingu útsvarstofns hefur ekki sést allt frá árinu 1991. Útsvar var lagt á 10.894 eða 4,4% fleiri í ár en í fyrra. Í fyrra var útsvar lagt á 10.712 eða 4,6% fleiri en árið þar áður. Útsvar var nú lagt á 255.777 gjaldendur.

Sérstaka athygli vekur mikil hækking annarra hlunninda um 4,7 milljarða, eða 226% og mikil hækking annarra tekna um 1,5 milljarða eða 32,9%. Landsmenn töldu nú fram 6,7 milljarða í önnur hlunnindi og tæpan 6,1 milljarð í aðrar tekjur. Hækking þessi skýrist m.a. af innlausn kaupréttarsamninga á árinu.

Verðbréfaeign eykst um 48,8%

Það er ekki aðeins að tekjur aukist nú mikið á milli ára. Eignir og skuldir, og þá sérstaklega eignir í verðbréfum ýmiss konar, hækka einnig mikið. Eignir jukust um 559,8 milljarða, eða 19,9%. Þær voru nú tæpir 3.380 milljarðar, 559,8 milljörðum meiri en í fyrra. Athyglisverðast er hversu verðmæti verðbréfa hefur aukist á milli ára, um 122,3 milljarða, eða um 48,8%. Landsmenn töldu nú fram 372,6 milljarða í innlendum og erlendum verðbréfum. Innlendar innstæður hækkuðu einnig mikið, um 48,5 milljarða, eða 22,3%. Innstæður landsmanna í innlendum bönkum voru 265,3 milljarðar um áramótin. Það lítur því út fyrir að mikið lausafé hafi verið í umferð undir árslok 2007. Sérstaka athygli vekur mikil aukning á erlendum eignum, hlutabréfum og bankainnstæðum. Landsmenn áttu tæpum átta milljörðum, eða 51,8%, meira í

erlendum hlutabréfum í ár en í fyrra og innstæður í erlendum bönkum voru nú tæpum 4,8 milljörðum hærri en í fyrra, sem er 146,2% aukning á milli ára. Framtalið verðgildi hlutabréfa í erlendum félögum var nú 23,4 milljarðar og skattskyldir menn í landinu áttu tæpan 8,1 milljarð í innstæðum erlendis. Mikil hækking erlendra innstæða kann að skýrast af því að einhverjir hafi ætlað að tryggja sig fyrir gengisfalli og lækkun á hlutabréfamörkuðum. Þeir sem telja fram erlend hlutabréf voru nú 36,8% fleiri en í fyrra og 15% fleiri telja nú fram erlendar innstæður.

Skuldir aukast um 21%

Skuldir hækkuðu um 234,8 milljarða, eða um 21,1%. Þetta er álfika hlutfallshækking og í fyrra og árið þar á undan. Skuldir voru nú 1.348 milljarðar, en þar af voru skuldir vegna íbúðarkaupa 840,5 milljarðar, 135,1 milljörðum hærri en í fyrra. Þetta er hækking um 19,2% á milli ára, ívið meira en síðastliðin tvö ár, en skuldir vegna íbúðarkaupa hækkuðu um 17,8% árin 2005 og 2006. Aukning eigna og skulda verður að sjálfsögðu enn merkilegri í ljósi mikillar hækkingar eigna og skulda á síðustu árum.

Fjármagnstekjur einstaklinga

Framtöl einstaklinga 2005 til 2008

(í milljónum króna)	Fjármagnstekjur						Fjöldi fjölskyldna					
	2005	2006	2007	2008	Breytingar '07-'08 Millj. kr.	%	2005	2006	2007	2008	Breytingar '07-'08 Fjöldi	%
Arður og vextir af stofnsjóðsinneign												
Arður af hlutabréfum	14.450	24.652	34.331	41.820	7.489	21,8%	36.830	40.912	43.359	42.631	-728	-1,7%
Arður af erlendum hlutabréfum	1.410	1.350	3.112	2.130	-982	-31,6%	493	492	531	580	49	9,2%
Samtals:	15.859	26.003	37.444	43.950	6.507	17,4%	*	*	*	*	*	**
Vaxtatekjur												
Vextir af innstæðum barna	65	85	117	157	40	34,6%	3.666	3.821	3.441	3.285	-156	-4,5%
Vextir af innstæðum í bönkum	8.658	11.154	18.283	24.979	6.696	36,6%	55.360	60.663	67.214	72.434	5.220	7,8%
Vextir af innlendum og erlendum verðbréfum	10.585	12.754	16.760	19.510	2.750	16,4%	-	13.207	15.810	19.052	3.242	20,5%
Vextir af útistandandi skuldir/verðbr.	6.424	-	-	-	*	*	6.084	-	-	-	*	*
Vextir af skattfrjálsum verðbréfum	4.149	-	-	-	*	*	8.152	-	-	-	*	*
Vextir af stofnsjóðsinneign	12	-	-	-	*	*	1.835	-	-	-	*	*
Samtals:	19.309	23.993	35.160	44.646	9.486	27,0%	*	*	*	*	*	*
Leigutekjur	2.725	3.070	3.520	4.338	818	23,2%	5.694	5.643	5.944	6.464	520	8,7%
Söluhagnaður												
Hagnaður af sölu hlutabréfa	34.854	62.764	76.642	142.465	65.824	85,9%	11.434	9.079	9.717	11.512	1.795	18,5%
Annar söluhagnaður	1.850	4.151	6.880	8.846	1.967	28,6%	910	1.122	1.286	1.375	89	6,9%
Samtals:	36.705	66.914	83.522	151.312	67.790	81,2%	*	*	*	*	**	
Fjármagnstekjur samtals	74.597	119.980	159.645	244.246	84.601	53,0%	77.080	84.680	93.078	98.738	5.660	6,1%

*Fjármagnstekjur eru taldar fram af því hjóna sem hefur hærri tekjur og því vísa tölur um fjölda framteljenda með fjármagnstekjur til fjölda fjölskyldna en ekki einstaklinga.


Eignir og skuldir einstaklinga

Framtöl einstaklinga 2005 til 2008


(í milljónum króna)	Eignir og skuldir						Fjöldi fjölskyldna með eignir					
	2005	2006	2007	2008	Breytingar '07-'08	%	2005	2006	2007	2008	Breytingar '07-'08	%
Hrein eign skv. efnahagsreikningi	37.887	37.864	38.166	41.399	3.233	8,5%	8.395	8.049	7.746	7.599	-147	-1,9%
Innlend og erlend verðbréf	140.483	197.802	250.339	372.602	122.263	48,8%	-	26.657	30.238	36.000	5.762	19,1%
Eignarskattsfrjáls verðbréf	61.666	-	-	-	*	*	14.318	-	-	-	*	*
Verðbréf, útistand, skuldir ofl.	78.637	-	-	-	*	*	17.948	-	-	-	*	*
Stofnsjóðsinneign	181	-	-	-	*	*	2.228	-	-	-	*	*
Ökutæki	116.527	139.844	158.088	184.812	26.724	16,9%	95.489	98.266	98.387	102.831	4.444	4,5%
Hlutabréf	43.385	50.211	70.211	82.269	12.057	17,2%	46.878	51.439	54.498	56.288	1.790	3,3%
Hlutabréf í erlendum félögum	3.770	4.800	15.435	23.424	7.989	51,8%	5.595	5.397	3.949	5.403	1.454	36,8%
Innlendar innstæður, ofl. skv sérl.	167.260	184.152	216.889	265.341	48.453	22,3%	56.725	61.617	67.374	72.396	5.022	7,5%
Innstæður í erlendum bönkum	1.184	3.968	3.271	8.054	4.783	146,2%	612	579	568	653	85	15,0%
Aðrar eignir	8.826	11.252	15.967	19.882	3.915	24,5%	14.677	15.825	17.817	20.038	2.221	12,5%
Áætluð nettó eign viðbót	38.459	1.128	-	-	*	*	4.051	15	-	-	*	*
Áætluð viðbót við stofn	5.767	156	-	-	*	*	4.047	6	-	-	*	*
Samtals	563.548	631.178	768.367	1.000.783	232.416	30,2%	*	*	*	*	*	*
Fasteignir	1.364.343	1.824.205	2.052.476	2.377.197	324.721	15,8%	91.418	93.443	94.537	96.774	2.237	2,4%
Eignir alls	1.926.714	2.454.651	2.820.189	3.379.997	559.808	19,9%	128.864	129.439	132.022	136.797	4.775	3,6%
Skuldir vegna íbúðarkaupna	508.187	598.735	705.387	840.494	135.107	19,2%	69.400	69.586	70.733	72.697	1.964	2,8%
Skuldir	756.837	918.271	1.113.308	1.348.079	234.772	21,1%	96.803	98.329	101.589	105.446	3.857	3,8%
Eignarskattsstofn jákvæður	1.051.192	1.311.171	1.444.320	1.652.360	208.040	14,4%	101.242	104.830	102.891	105.160	2.269	2,2%
Eignarskattsstofn, neikvæður	70.006	75.966	105.504	125.358	19.854	18,8%	24.387	22.651	26.745	28.060	1.315	4,9%

*Eignir hjóna og sambúðarfólks eru taldar fram sameiginlega og því vísa fjöldatölur til fjölda fjölskyldna sem telur fram eignir en ekki einstaklinga

Skattskyldar tekjur og hlutfall fjármagnstekna 1999 til 2008



Árleg breyting skattskyldra tekna 1998 til 2008



Tveir þriðju hækkunar tekjuskatta til ríkis vegna fjármagnstekjuskatts

Tekjuskattar til ríkis hækkuðu um tæpa 13,4 milljarða, en þar af var fjármagnstekjuskattur 8,9 milljarðar og almennur tekjuskattur 4,5 milljarðar. Tveir þriðjuhlutar hækkunar tekjuskatta til ríkis eru því vegna fjármagnstekjuskatts. Almennur tekjuskattur var 86,4 milljarðar og fjármagnstekjuskattur 25,3 milljarðar, samtals 111,6 milljarðar. Almenni tekjuskatturinn hækkaði nú um 5,5%, mun minna en tekjuskattsstofninn sem hækkaði um rúm 16,8% á milli ára. Hér skiptir sköpum mikil hækking skattleysismarkna; lægra álagningarhlutfall og hærri persónuafsláttur. Tekjuskattshlutfallið var nú lækkad úr 23,75% í 22,75%, eða um 4,2%, og persónuafsláttur hækkaður úr 348.343 í 385.800, eða 9,7%. Skattleysismörk tekjuskatts hækkuðu því úr 1.531.178 kr. í 1.695.824, um 164.646 kr. á ári, eða 10,8%. Nú var lagður almennur tekju-

skattur á 178.270 gjaldendur, 2.871, eða 1,6% fleiri en í fyrra. Á sama tíma fjölgaði á skattgrunnskrá um 10.855, eða 4,3% sem fyrir segir.

Á sama tíma og almennur tekjuskattur hækkar um 5,5% hækkaði fjármagnstekjuskattur um 54,6%. Fjármagnstekjuskattur er nú 22,6% af þeim tekjusköttum einstaklinga sem renna til ríkis. Fjármagnstekjuskattur var lagður á 98.738 manns, 5.660 eða 6,1% fleiri en í fyrra.

Útsvar hækkar mikið

Útsvar til sveitarfélaga helst í hendur við hækkingu tekjuskattstofns, það hækkaði um 14,6 milljarða, eða 16,8% og hefur ekki hækkað jafn mikið síðan árið 2002, en þá hækkaði það um 17,3% á milli ára í kjölfar þess að útsvar var hækkað úr 11,96% í 12,68%. Nú voru 101,9 milljarðar lagðir á í útsvar. Það að útsvar hækki um 16,8%, á sama tíma og tekjuskattsstofn framteljenda sem ekki eru handreiknaðir hækkar um 13,8%, stafar af því

að skattar fleiri framteljenda eru nú reiknaðir af starfsmönnum skattstofa vegna sérstakra aðstæðna viðkomandi gjaldenda, en ekki í álagningarkefi ríkisskattstjóra. Hér munar mestu um fjölda útlendinga sem koma til landsins til tíma-bundinnar dvalar.

Handreiknaðir aldrei verið fleiri

Nú voru 23.949 framteljendur handreiknaðir, saman borð við 20.389 í fyrra og því voru skattar 17,5% fleiri framteljenda reiknaðir af starfsmönnum skattstofa við álagningu nú í ár en í fyrra. Nokkuð hefur dregið úr mjög hraðri fjölgun í þessum hópi en í fyrra fjölgaði þeim um 44% frá fyrra ári, og á milli árunna þar á undan fjölgaði þeim um 26,3%. Skattar níu prósentu framteljenda á skattgrunnskrá eru reiknaðir af starfsmönnum skattstofa, þetta er einn af hverjum ellefu, samanborið við átta prósent í fyrra. Á síðustu árum hefur þeim fjölgað mjög sem þurfa að láta handreikna skatta sína. Framan af tíunda áratugnum voru um þrjú present framteljenda handreiknaðir. Ástæðan fyrir þessu er auðvitað sú að mun fleiri útlendingar eru nú á skattgrunnskrá en verið hefur framman af en vegna sérstakra aðstæðna þeirra er oft ekki hægt að leggja skatta á þá með sama hætti og aðra landsmenn.

Bætur hækka aftur mikið

Vaxtabætur hækkuðu nú um 1,4 milljarða, eða 25,8% og 17,3% fleiri voru nú reiknaðar bætur en í fyrra. Vaxtabætur voru nú tæpir 6,7 milljarðar en 58.259 gjaldendum voru reiknaðar bætur, 8.572 fleiri en í fyrra. Vaxtabætur voru nú hækkaðar um sex prósent frá álagningu í fyrra, en mestu skiptir að skerðingamörk vegna eigna voru hækkuð um 47,1%. Vaxtabætur hafa hækkað nokkuð á síðustu árum. Frá árinu 2005 hafa þær hækkað um 28,6%.

Barnabætur hækka einnig mikið. Þær hækkuðu um 944 milljónir, sem er 12,7%. Hækkun barnabóta stafar af hækkun bóta, en barnabætur hækkuðu um þrjú prósent frá fyrra ári, en ekki síst af mikilli hækkun skerðingarmarka og lægra skerðingahlutfalls. Skerðingamörk barnabóta hækkuðu um rúm 29% 2.231.195 kr. í 2.880.000 kr. hjá hjónum og skerðingarhlutfallið lækkaði um eitt prósentustig fyrir fleiri börn en eitt. Þannig var skerðing með tveimur börnum lækkuð úr sex prósent-


um af tekjum yfir mörkum í fimm prósent og með þremur eða fleiri börnum lækkuð úr átta prósentum í sjö prósent. Að jafnaði hækkuðu reiknaðar bætur nú um átta prósent frá því í fyrra. Barnabætur hafa hækkað mikið á síðustu árum þær hækkuðu um 19% á milli árunna 2005 og 2006 og 24,1% í fyrra. Frá árinu 2005 hafa reiknaðar barnabætur hækkað um 66,5%. Nú verða 8,4 milljarðar greiddir í styrk til barnafólks en 66.542 foreldrar munu fá greiddar barnabætur.

Uppbót á eftirlaun var reiknuð ellilífeyrisþegum í fyrsta sinn. Uppbótin tryggir þeim sem ekki fá greitt úr lífeyrissjóði, eða hafa takmörkuð lífeyrisséttindi, 25.000 krónur á mánuði. Uppbótin var reiknuð 3.529 ellilífeyrisþegum.


Framteljendum á skattgrunnskrá fjölgar enn mikið á milli ára

Fjölgun framteljenda á skattgrunnskrá var ívið minni nú en í fyrra. Nú voru alls 264.766 framteljendur á skattgrunnskrá sem er 10.855, eða 4,3%, fleiri en í fyrra. Í fyrra fjölgaði um 12.567 framteljendur á grunnskrá, eða 5,2%, sem var þá algert einsdæmi. Frá árinu 2005 hefur fjölgun á grunnskrá ekki verið í neinu samræmi við það sem verið hefur frá árinu 1991. Á tímabilinu frá 1991 til 2004 fjölgaði framteljendum á grunnskrá að jafnaði um 1-2% á milli ára. Skattstjórar áætluðu 16.233 framteljendum tekjur, eða 6% framteljenda á skattgrunnskrá, sem er svipað hlutfall og í fyrra.


Árleg breyting launa, hlunninda og lífeyris 1998 til 2008




Helstu fjármagnstekjur einstaklinga 1999 til 2008



Árleg breyting eigna og skulda 1998 til 2008



Árleg breyting tekjuskatta 1998 til 2008



Upplýsingatafla RSK

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2008

■ Skatthlutfall staðgreiðslu	35,72%
■ Tekjuskattur	22,75%
■ Útsvar	12,97%
■ Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af launum umfram kr. 100.745	6,00%
■ Af vöxtum og arði	10,00%
■ Skattleysismörk tekjuárið 2008	1.143.362

Persónuafsláttur frá 1. janúar 2008

■ í einn mánuð	kr.	34.034
■ í hálfan mánuð	kr.	17.017
■ í 14 daga	kr.	15.622
■ í eina viku	kr.	7.811
■ Sjömannaafsláttur á dag	kr.	874

Hámark barnabóta 2008 miðað við heilt ár

■ Hjón/sambúðarfólk		
- með fyrsta barni	kr.	144.116
- með börnum umfram eitt	kr.	171.545
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára	kr.	57.891
■ Einstæðir foreldrar		
- með fyrsta barni	kr.	240.034
- með börnum umfram eitt	kr.	246.227
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára	kr.	57.891

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

■ Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	5,34%
■ Sérstakt viðbótargjald v/sjómanna	0,65%

Kílómetragjald,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 2/2008

Kílómetragjald, gildir frá 1. 6. 2008

■ Almennt gjald, af fyrstu 10 þ.km, pr. km:	kr. 88,50
---	-----------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennt gjald.

Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2008

Gildir frá 1. 6. 2008

■ Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	19.700
■ Fyrir gistingu í eina nótt	12.900
■ Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	6.800
■ Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	3.400

Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 4/2008

Gildir frá 1. 6. 2008

Almennir dagpeningar			Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.		
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	208	139	133	89
■ Flokkur 2	SDR	177	118	113	75
■ Flokkur 3	SDR	156	105	100	67
■ Flokkur 4	SDR	139	92	89	59

Virðisaukaskattur

■ Almennt skattþrep	24,5%
■ Sérstakt skattþrep	7,0%

Ný skattalagasöfn

Á þessu ári hafa þegar verið gefin út tvenn skattalagasöfn.

Annars vegar er ritið **Tekjuskattur** sem er samfella laga, reglugerða og auglýsinga er varða beina skatta og álagningu opinberra gjalda og miðast við löggjöf sem var í gildi 1. febrúar 2008.

Hins vegar er um að ræða ritið

Virðisaukaskattur sem er samfella laga um virðisaukaskatt, vörugjald, skilagjald, áfengisgjald og bifreiðasskatta og miðast við löggjöf sem var í gildi 30. apríl 2008.

Ritin eru seld í Pennanum-Eymundsson, Bóksölu stúdenta og hjá ríkisskattstjóra.



RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI